

skoðun 14

**2 SÉRBLÖÐ**
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




**Öflug vínframleiðsla**
*Snorri Jónsson, hjá 64°Reykjavík Distillery, framleiðir líkjöra úr rabarbara, bláberjum og krækiberjum. Nú er uppskerutími.*
**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**24. ágúst 2012**
198. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Reynslunni ríkari**
*Grikkir deyja ekki ráðalausir þótt pyngjan sé tóm.*
**föstudagsviðtal** 12

**Fagnar fjölbreytileika**
*Gagnrýnandi Fréttablaðsins gefur Fantasíum íslenskra kvenna þrjár stjörnur.*
**menning** 22



**Stórleikja-Baldur**
*Skoraði tvö mörk þegar KR vann topplið FH í Krikanum.*
**sport** 26

**veðrið í dag**




**DREGUR ÚR VINDI** Í dag verða víðast norðaustan 3-8 m/s. Skýjað með köflum en lítils háttar væta N-til og við S-ströndina. Hiti víðast 8-16 stig, hlýjast S-lands.

VEÐUR 4



**ENGINN ER VERRI ÞÓTT HANN VÖKNI** Grunnskólarnir hófust um allt land í gær og því fylgir auðvitað tilheyrandi galsaskapur í frímínútum. Krakkarnir í Melaskóla í Reykjavík létu ekki byljandi hitaskúr á sig fá og skemmtu sér konunglega á fótboltavellinum. Um helgina er gert ráð fyrir rigningu á Suðurlandi og skúrum norðaustanlands, annars verður skýjað og þurrt í öðrum landshlutum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Brú yfir Fossvog fyrir hjólandi og gangandi

**Tillaga um þrjú hundruð metra göngu- og hjólabrú úr Kársnesi yfir í Reykjavík virðist hafa ágætan hljómgrunn í sveitarfélögunum beggja vegna Fossvogsins. Skapar mikla möguleika, segir arkitekt og opnar Kársnes fyrir háskólaborgara.**

**SKIPULAGSMÁL** „Um nokkurt skeið hefur verið rætt hér í Kópavogi um að leggja brú þarna yfir og höfum við heyrt að borgaryfirvöldum lítist vel á það,“ segir Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri Kópavogsbæjar, um hugmynd tveggja arkitekta um göngu- og hjólabrú yfir Fossvog.

Samkvæmt tillögu arkitektanna Jakobs Líndals og Kristjáns Ásgeirssonar er gert ráð fyrir þrjú hundruð metra brú frá Kársnesi yfir að brautarenda Reykjavíkurflugvallar. Í miðjunni yrði snúningsbrú til að hleypa bátum í gegn.

„Þetta hefur alltaf legið í loftinu og það hefur verið vilji beggja vegna frá,“ segir Jakob Líndal sem kveður brúna mundu skapa margvíslega möguleika. Til dæmis skapist ný hringleið og vaxandi fjöldi hjólreiðamanna allt suður í Hafnarfjörð fái nýja leið inn á háskólasvæðið í Öskjuhlíð og Vatnsmýri og inn í miðborgina sjálfa. Kársnesið myndi opnast sem búsetumöguleiki fyrir háskólaborgara, meðal annars á landfyllingu Kópavogsmegin og innan við hina áætluðu brú. Þar hefur nýtt bryggjuhverfi verið samþykkt.



**BRÚIN** Samkvæmt tillögunni á hún að liggja frá Kársnesi yfir í Vatnsmýri.

„Ekki er hægt að segja til um það á þessari stundu hvort og þá hvenær eitthvað verði af hugmyndum í þessa veru – en vonandi skýrist það þegar lengra líður á haustið og vinnu sveitarfélaganna, Kópavogs og Reykjavíkur, miðar áfram,“ segir skipulagstjórinn í Kópavogi.

**- gar /** **sjá síðu 4**

Reykjavík Bacon Festival:

## Flytja inn 50 kíló af beikoni

**FÓLK** „Ég titra, þetta er mjög tilfinningarík stund en við viljum bara sameina heiminn í ást, gleði og beikoni,“ sagði Marshall Porter við undirritun samstarfssamnings Beikonfélagsins íslenska og þess frá Iowa í Höfða í gær.

Hátíðin Reykjavík Bacon Festival verður haldin í annað sinn á Skólavörðustígnum milli klukkan 14 og 17 á morgun. Hátíðin er töluvert stærri í sniðum nú en á síðasta ári og flytur Iowa-félagið inn fimmtíu kíló af beikoni, um 1.700 sneiðar, af þessu tilefni.



**Sjá síðu 24**

**- trs**

Ríkisendurskoðun taldi áætlanir um rekstur Hörpu varfærnar frekar en hitt:

## Gróði af verklokum réttlætti áhættu

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun réð ekki annað í upplýsingar og forsendur byggingar Hörpu, í mars 2009, en að rekstur hússins ætti að standa vel undir öllum kostnaði við byggingu þess og rekstri. Þetta kemur fram í minnisblaði stofnunarinnar til fjárlaganefndar Alþingis, sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Í minnisblaðinu segir að þáverandi útreikningar bendi til þess að „rekstur hússins geti staðið undir sér og nægi til þess að greiða til baka lán og viðhalda verðmæti hússins þrátt fyrir að aðeins sé gert ráð fyrir innan við helmingi annarra leigutekna.“ Er þar vísað til tekna af annarri starfsemi en Sinfóníuhljómsveit Íslands. Forsendur þessa voru þó þær að áætlanir um byggingarkostnað gengju eftir og vaxtastig einnig.

Ríkisendurskoðun taldi rekstraráætlanirnar varfærnar og gefa til kynna að jafnvel væri hægt að standa undir meiri kostnaði en reiknað væri með.

Líkt og fram hefur komið stóðst lítið af áætlunum varðandi Hörpu og gert er ráð fyrir að tap á árinu 2012 verði 407 milljónir króna.

Ríkisendurskoðun taldi ávinning af því að ljúka byggingu Hörpu.

„Ávinningur af því að geta lokið verkinu og tekið húsið í notkun hlýtur að réttlæta eitthvað meiri áhættu en áður.“

**- kóp**







## SPURNING DAGSINS



*Brynjólfur, hvarr ykkur þrótt til andmæla?*

„Við erum þróttmiklir en það er svona þegar borgin lætur borgarana borga.“

Brynjólfur Óskarsson er vallarstjóri Knattspyrnufélagsins Þróttar í Laugardal. Endurbætur á bílastæðinu við völl liðsins verða til þess að það minnkar mikið.

Suður-Afríkubúar minntust 34 námuverkamanna sem féllu fyrir hendi lögreglu:

# Zuma hvetur til friðsemdar

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Meira en þúsund manns komu saman á minningarathöfn um 34 námuverkamenn, sem féllu fyrir hendi lögreglumanna í síðustu viku.

Jacob Zuma, forseti landsins, tók ekki þátt í minningarathöfnunum. Hins vegar sendi hann frá sér yfirlýsingu þar sem hann hvatti landsmenn til þess að hætta að beita ofbeldi – svona almennt séð. Hann hefur boðað rannsókn á því sem gerðist.

„Ég vil ekki leggja dóm á þetta atvik,“ sagði í yfirlýsingunni. „Það gerir rannsóknardómnefndin.“

Á fimmtudaginn í síðustu viku létu 34 námuverkamenn lífið þegar lögreglan hóf skothríð á hóp manna sem tók þátt í verkfallsaðgerðum til að krefjast betri kjara fyrir námuverkamenn.

Vikuna þar á undan höfðu tíu manns látið lífið í átökum lögreglu og námuverkamanna, þar á meðal nokkrir lögreglumenn.

Verkalýðsfélag námu- og byggingarverkamanna krefst þess að óháð rannsóknarnefnd verði látin skoða hvað gerðist: „Við treystum ekki viðmiðunarskilmálum rannsóknarinnar, sem Zuma hefur boðað til,“ segir Jeff Mphahlele, framkvæmdastjóri verkalýðsfélagsins. **- gb**



**MINNINGARATHÖFN** Lögregla í bænum Marikana hefur drepið hátt í 40 námuverkamenn á síðustu tveimur vikum. NORDICPHOTOS/AP

Vegtylla frá ráðherra:

## Verzló hlaut Gulleplið

**HEILBRIGÐI Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, veitti í gær Verzlunarskóla Íslands Gulleplið, en það er viðurkenning sem veitt er fyrir framúrskarandi starf á sviði heilsueflandi framhaldsskóla. Með því á að stuðla að velferð og góðri heilsu framhaldsskólanema.**

**Nemendur Verzló áttu frumkvæði að því að breyta vöruframboði í mötuneytinu. Þar er ekki lengur hægt að fá gosdrykki og sælgæti, en í staðinn er boðið upp á hollan mat og drykk. - kóp**

Settur í farbann í Hæstarétti:

## Dópsmyglari úr varðhaldi

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur fellt úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjaness yfir grunuðum fíkniefnasmyglara. Maðurinn er dæmdur í farbann í staðinn.**

**Ákæra var gefin út á hendur manninum í síðustu viku fyrir að skipuleggja innflutning á samtals rúmlega 900 grömmum af kókaíni til landsins. Maðurinn hefur neitað sök en kona sem ákærð er með honum hefur játað.**

**Í greinargerð lögreglu segir að upptökur af hleruðu samtali þeirra á milli sýni að maðurinn hafi staðið á bak við smyglið, en það telur Hæstiréttur ekki nægja til gæsluvarðhaldsvistar. - sh**

Skurðgröftur á Hólmsheiði:

## Sprunguleit á fangelsislóð

**SKIPULAGSMÁL** Grafa á þrjá skurði og 22 holur til að kanna hvort sprungur eru á lóðinni sem ætluð er undir nýtt fangelsi á Hólmsheiði.

Samkvæmt leyfi sem byggingarfulltrúinn í Reykjavík veitir verður grafinn einn 150 metra langur skurður til að kanna hvort sprungur eru á byggingareit. Ef sprungur finnast verða grafnir tveir þrjátíu metra langir skurðir til að rekja stefnu sprungnanna. Til viðbótar verða gerðar 22 stakar holur til að kanna jarðvegsgerð og dýpi. **- gar**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Valt við að henda sígarettu**

Ökumaður á þrítugsaldri missti stjórn á bíl sínum á Garðskagavegi á þriðjudag þegar hann var að henda sígarettu út um þaklúgu bílsins. Bíllinn valt tvo hringi og á þriðja tug metra út af veginum og stórskemmdist. Sauma þurfti á annan tug spora í höfuð ökumannsins og allmörg í hægri hendi hans.

# Koma ekki í veg fyrir vefþrjóta á sölutorgi

**Forsvarsmenn vefsölutorgsins Bland.is hafa ekki stöðvað netþrjóta og hafa ekki varað notendur vefsins við. Þrjótarnir auglýsa eins og þeir vilja. Einn þeirra þykist vera norskur fréttamaður sem vill flytja gamla og ódýra bíla til Noregs.**

**SAKAMÁL** Fjölmörg dæmi eru um að á íslenskum vefsölutorgum finnist auglýsingar erlendra þrjóta sem hafa það eitt að leiðarljósi að hafa peninga af fólki. Mikil umræða hefur til að mynda skapast um það á Bland.is hvort ekki sé hægt að koma í veg fyrir að þrjótarnir fái að birta auglýsingar sínar á vefnum. Ekki hefur þó verið gripið inn í.

Einn notandi á Bland.is segist hafa haft samband við vefstjórann um leið og hann áttaði sig á því að verið væri að spila með hann. Engin svör fengust og svo virðist sem ekkert hafi verið gert og þrjóturinn fær að „ganga laus“ án þess að við honum sé varað.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur forsvarsmaður Bland.is ekki svarað Fréttablaðinu.

Margar ábendingar um svikaauglýsingar hafa borist í kjölfar umfjöllunar blaðsins um atvik þar sem reynt var að svindla á notanda Bland.is.

Ómögulegt getur verið að rekja hvar þrjótarnir eru niður komnir. Það þarf ekki endilega að vera að þeir séu frá því landi sem þeir segjast vera. Þá er mjög ólíklegt að þeir noti sitt rétta nafn.

Þrjótarnir eru hins vegar ekki alltaf á eftir vörum heldur þykjast líka vera að selja þær. Á Bland.is er auglýsing sem lesandi blaðsins segir að sé svikamylla. Þar auglýsir spænskumælandi notandi dýrar Apple-vörur eins og síma og spjaldtölvur. Þar biður hann um að borguð séu 60 prósent uppsetts verðs inn á reikning hjá erlendri greiðsluþjónustu og þegar sá hluti er kominn verði varan send til viðkomandi. Það gerist hins vegar ekki. birgirh@frettabladid.is



**SVIK** Margir hafa lent í því að vefþrjótar hafi samband við þá og reyni að hafa af þeim fé. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

### Svindlarinn stal nafni fréttamanns

Sá þrjótur sem hefur gengið hvað harðast fram á Bland.is undanfarnar vikur kallar sig „kaj202“ á sölutorginu. Hann kynnir sig svo sem Kaj Toeger Pedersen og segist búa við Taasengötu 18 í Ósló í Noregi. Þrjóturinn hefur stolið nafni norsks íþróttafréttamanns sem starfar fyrir NRK.

Svindlarinn reynir að kaupa bíla af notendum. Ef eigandi bílsins er fús til að selja segist hann vilja flytja bílinn til Noregs og biður um að borgað sé fyrir flutninginn á bílnum. Um leið og flutningsgjaldið hefur verið borgað eiga peningar að berast á bílreikningi hjá PayPal-greiðsluþjónustunni að flytjast til þín.

Þannig hefur hann pening af fólki því eigandi bílsins fær aldrei greitt af reikningi hjá PayPal. Greiðsluþjónustan PayPal býður ekki einu sinni upp á bílreikninga. Upphæðin sem það kostar að flytja bílinn er hugsanlega á bilinu 60 til 70 þúsund íslenskar krónur. Viðmælandi Fréttablaðsins áttaði sig á því að verið væri að svindla á honum þegar hann uppgötvaði að greiðslan fyrir flutningunum átti að fara á reikning í Barcelona á Spáni.

Utankjörfundur að hefjast:

## Kosið um drög að stjórnarskrá

**KOSNINGAR** Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá Íslands hefst á morgun. Atkvæðagreiðslan sjálf fer fram laugardaginn 20. október. Kjósendur taka afstöðu til þess hvort drög stjórnlagaráðs verði grundvöllur að frumvarpi um nýja stjórnarskrá.

Að auki verða spurningar lagðar fyrir kjósendur um hvort í stjórnarskrá eigi að vera ákvæði um að náttúruauðlindir, sem ekki eru í einkaeigu, séu í þjóðareign, um þjóðkirkju, um jafnt vægi atkvæða, um að ákveðið hlutfall kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og hvort í stjórnarskrá verði persónukjör til Alþingis heimilað í meiri mæli. **- kóp**

Bundu mann í Breiðholti:

## Ofbeldismenn játa á sig rán

**DÓMSMÁL Tveir karlmenn játuðu fyrir dómi í gær að hafa ráðist inn á heimili rúmlega sextugs manns í Breiðholti fyrr í sumar, beitt hann hrottalegu ofbeldi og rænt af honum fé og öðrum eigum.**

**Mennirnir, Snorri Sturluson og Daniel Arciszewski, héldu manninum nauðugum í átta klukkustundir og bundu hann meðal annars með límbandi og rafmagnssnúru á höndum og fótum.**

**Ákærðu játuðu við þingfestingu málsins í gær eftir að saksóknari hafði fellt það út úr ákærulýsingunni að þeir hefðu hótað manninum með haglabyssu hans. - sh**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hjálm- og ljóslaus í símanum**

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði á miðvikudag unga stúlku á ljóslausri rafmagnsvespu. Hún var hjálmlaus og að tala í síma. Henni var bent á að koma hlutunum í lag og forráðamönnum hennar sent bréf vegna málsins.






Akureyrarbær byrjar að fagna 150 ára afmæli sínu með pompi og prakt í dag:

# Íslandsklukkunni hringt 150 sinnum

**AKUREYRI** Afmælisvaka, 150 ára afmælishátíð Akureyrar, hefst formlega í dag. Hátíðarhöldin hefjast klukkan tvö eftir hádegi með því að Íslandsklukkunni við Háskólann á Akureyri verður hringt 150 sinnum í tilefni afmælisins.

Hátíðin stendur yfir til 2. september. Meðal atriða verður Götulistahátíðin Hafurtask, þar sem um 120 ungmenni leika listir sínar víðs vegar í miðbænum. Þá mun hljómsveitin Bravóbítlarnir stíga á svið, en hún hlaut fyrst athygli árið 1965 þegar hún hitaði upp fyrir ensku hljómsveitina The Kinks á tónleikum í Reykjavík.

Á sjálfan afmælisdaginn, 29. ágúst, safnast skólabörn saman í miðbænum og gefa bænum einstaka afmælisgjöf. Bæjarstjórn Akureyrar heldur hátíðarfund í Hofi og Afmæliskór Akureyrar flytur ný verk nokkurra tónskálda sem tengjast bænum.

Einnig verður mikið um dýrðir seinni helgina, 30. ágúst til 2. september, og má þar nefna frumsýningu á verkinu Borgarinnunni í Samkomuhúsinu, Exodus raftónleika, Rökkurró í Lystigarðinum, kjötkveðjuhátíðina Lyst með List og afmælistónleika í Gilinu þar sem fram koma Akureyrarhljómsveitir liðinna ára. Loks verður flugeldasýning á Pollinum. **- sv**



**HRINGIR INN AFMÆLIÐ** Íslandsklukkan við Háskólann á Akureyri hringir inn stórafmæli bæjarins í dag.


Leikárið er hafið
Skelltu þér í áskrift!
Nýtt Borgarleikhúsblað er komið á flug!
Áskriftarkort
4 sýningar að eigin vali
12.900,-
Borgarleikhúsið
MARY POPPINS
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

## GENGIÐ 23.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,52 | 119,08 |
| Sterlingspund | 188,16 | 189,08 |
| Evra | 148,71 | 149,55 |
| Dönsk króna | 19,964 | 20,080 |
| Norsk króna | 20,249 | 20,369 |
| Sænsk króna | 17,856 | 17,960 |
| Japanskt jen | 1,5071 | 1,5159 |
| SDR | 180,18 | 181,26 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 207,9372

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarráð breytir reglum svo Hrafnista þurfi ekki að bíða skipulagsbreytinga:

# Opnað á vínveitingar á elliheimilum

**ÞJÓNUSTA** Borgarráð samþykkti í gær að breyta reglum þannig að heimila megi dvalarheimilum aldraðra á skilgreindum íbúðarsvæðum að vera með vínveitingar.

Skipulagstjóri borgarinnar hefur sagt að borgin sé bundin af því að Hrafnista sé á skilgreindu íbúðarhúsnæði og þar megi ekki heimila vínveitingar. Það verði lagfært með breytingum á aðalskipulagi eftir áramót. Pétur Magnússon, forstjóri elliheimilisins Hrafnistu, óskaði í kjölfarið eftir tímabundinni undanþágu svo hefja mætti vínveitingar fyrr í endurnýjuðum matsal þess.

„Flestir íbúar öldrunarheimila hafa sjaldnast tök á að fara út frá heimilunum og því mjög ósanngjarnt og óskiljanlegt að árið 2012 ætli Reykjavíkurborg að mismuna íbúum öldrunarheimila um þjónustu, einungis eftir því hvar öldrunarheimilin eru staðsett,“ segir í bréfi forstjórans.

„Reglurnar eru of þröngar að þessu leyti og því einfaldast að breyta þeim,“ segir í tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem samþykkt var í gær. **- gar**



**MATSALURINN NÝI** Verið er að breyta matsalnum á Hrafnistu í kaffihús og stefnt að því að opna í byrjun september. Þar eiga bæði að fást pönnukökur með rjóma og léttvín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

World Future Council:

# Stefnumörkun Íslands tilnefnd

**UMHVERFISMÁL** Samtökin World Future Council hafa tilnefnt stefnumörkun Íslands um vernd hafsins gegn mengun frá landi, og á sviði fiskveiðistjórnunar, til svokallaðra Framtíðarstefnuverðlauna. Alls eru tilnefningar 31 talsins frá 22 ríkjum og svæðum.

Áætlunin um varnir gegn mengun sjávar var gerð innan vébanda alþjóðlegrar framkvæmdaáætlunar gegn mengun hafs frá landi, sem Ísland átti þátt í að koma á fót. Tilkynnt verður um úrslitin í september. **- shá**



**LÖGMENN BREIVIKS** Geir Lippestad og Vibeke Hein Bæra svara spurningum blaðamanna. NORDICPHOTOS/AFP

Dómur yfir Breivik í dag:

# Áfrýjar aðeins ef ósakhæfur

**NOREGUR, AP** Dómur verður kveðinn upp í Noregi í dag yfir Anders Behring Breivik, sem játað hefur að hafa myrt 77 manns í Ósló og á Úteyju síðasta sumar.

Að sögn lögmanna hans ætlar Breivik eingöngu að áfrýja úrskurði ef dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu, að Breivik sé ósakhæfur, sem þýddi að hann yrði settur á sjúkrahús í ótilgreindan tíma.

Verði hann úrskurðaður sakhæfur og dæmdur í fangelsi hyggst Breivik ekki áfrýja dómnum. **- gb**

Fundur eftir rán í Noregi:

# Tugir milljóna grafnir í skógi

**NOREGUR Tæplega einu ári eftir að fjórir grímuklæddir menn rændu peningaflutningabíl við Skedsmo í Noregi hefur lögreglan fundið hluta þýfisins. Alls stálu ræningjarnir tíu milljónum norskra króna eða rúmum 200 milljónum íslenskra króna.**

**Einn hinna ákærðu vísaði lögreglunni á felustað í skógi þar sem milljónir norskra króna voru grafnar. Voru peningarnir í litlum plastpokum, silfurpappír, plastdollum og matarpokum og var allt geymt í svörtum plastpoka.** **- ibs**

# Áhugi fyrir göngu- og hjólabrú yfir Fossvog

**Hugmynd arkitekta um göngu- og hjólabrú yfir Fossvog fær góðar viðtökur. Skipulagsstjóri Kópavogs segir brú yfir voginn hafa verið rædda um nokkurt skeið og hann hafi heyrt að borgaryfirvöldum í Reykjavík lítist vel á málið.**

**SKIPULAGSMÁL** Útfærsla á rúmlega þrjú hundruð metra langri göngu- og hjólabrú yfir Fossvoginn var kynnt í skipulagsnefnd Kópavogs fyrr í vikunni.

Samkvæmt útfærslunni, sem arkitektarnir Jakob Líndal og Kristján Ásgeirsson í Alark kynntu, verður brúin þrjú hundruð og fimm metra löng, lágreist, og mun ná frá Kársnesi yfir að flugbrautarendanum Reykjavíkurmegin.



**JAKOB LÍNDAL**

Í miðjunni yrði sextán metra löng snúningsbrú til að hleypa bátum og öðrum fleyjum í gegn.

„Um nokkurt skeið hefur verið rætt hér í Kópavogi um að leggja brú þarna yfir og höfum við heyrt að borgaryfirvöldum lítist vel á það,“ segir Birgir H. Sigurðsson, skipulagstjóri Kópavogsbæjar.

Jakob Líndal bendir meðal annars á mikla landfyllingu Kópavogsmegin innan við hina áætluðu brú. Þar sé þegar búið að samþykkja nýtt bryggjuhverfi.

Birgir skipulagsstjóri segir hugmynd arkitektanna í áframhaldandi skipulagsvinnu á svæðinu.

„Ekki er hægt að segja til um það á þessari stundu hvort og þá hvenær eitthvað verði af hugmyndum í þessa veru – en vonandi skýrist það þegar lengra líður á haustið og vinnu sveitarfélaganna, Kópavogs og Reykjavíkur, miðar áfram,“ segir skipulagstjórinn. **gar@frettabladid.is**



**BRÚ YFIR FOSSVOG** Þrjú hundruð metra brú tengir Reykjavík og Kópavog ef tillaga arkitekta í Alark verður að veruleika. Brúin á að vera lágreist til að trufla ekki útsýni. MYND/ALARK



**SNÚNINGSBRÚ** Hugsað er fyrir siglingum í Fossvogi með snúningsbrú. MYND/ALARK



**BLAÐALESTUR Í BÚRMA** Ekki þarf lengur að fá samþykki fyrir blaðaskrifum fyrir fram. NORDICPHOTOS/AFP

Búrmastjórn gengur lengra:

# Segir ritskoðun vera afnumda

**BÚRMA, AP Herforingjastjórnin í Búrma hefur afnumið beina ritskoðun fjölmiðla í landinu. Þetta er nýjasta skrefið í frjálsræðisátt sem stigið hefur verið á síðustu misserum. Blaðamenn í landinu þurfa ekki lengur að fara með skrif sín til hins opinbera og fá samþykki fyrir birtingu, eins og þeir hafa þurft að gera í hálfa öld.**

**Enn eru þó í gildi ströng lög sem gefa ríkinu heimild til að handtaka blaðamenn, setja á svartan lista eða stjórna hreinlega fjölmiðlum ef öryggi ríkisins er talið í húfi.** **- gb**

Innflytjendur í Þýskalandi:

# Múslímar verði í meirihluta

**ÞÝSKALAND** Nær helmingur tyrkneskra innflytjenda í Þýskalandi, eða 46 prósent, vill að múslímar verði þar í meirihluta, að því er könnun á vegum stofnunarinnar Info GmbH í Berlín leiðir í ljós. Er þetta þrettán prósentustiga aukning frá árinu 2010.

Alls líta 52 prósent innfluttra Tyrkja á samkynhneigð sem sjúkdóm. Í Þýskalandi búa nú 2,7 milljónir manna af tyrkneskum uppruna. Aðeins 25 prósent þeirra eru með þýskt vegabréf.

Könnunin tók til 1.011 Tyrkja sem búa í Þýskalandi, að því er kemur fram á fréttavef Kristilega Dagblaðsins í Danmörku. **- ibs**


TÍMI TIL AÐ TÍNA!




www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**LITLAR BREYTINGAR** í vændum næstu daga en vindur mun áfram blása af norðri með lítils háttar úrkomu norðan og austan til á landinu. Sunnan til verður nokkuð bjart og þurrt að mestu og hitatölur enn þá tveggja stafa.




**Á MORGUN** 3-8 m/s.

**FIMMTUDAGUR** Hæg norðlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 34° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 19° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 22° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 15° |
| París | 22° |
| San Francisco | 27° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# Hafðu það GOTT um helgina!

GOTT SÓSUR - frábærar með kjúklingnum

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

GOTT KJÚKLINGASTEIK
2.319 kr/kg
Verð áður 2.899,-

## GOTT KJÚKLINGASTEIK

Gott kjúklingasteikur eru unnar úr kjúklingabringum sem búið er að meðhöndla þannig að þær taki betur við marineringu auk þess sem eldunin verður styttri og jafnari.

Kjúklingasteikurnar eru til í tveimur útfærslum. Önnur tegundin er marineruð með hvítlauk og estragon, en hin er ókrydduð. **Grilltími 5-7 mín.**




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.549 kr/kg
Verð áður 3.398,-

**Lambalærissneiðar**
Caj´p marineraðar




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.253 kr/kg
Verð áður 2.854,-

**Kjúklingalundir**
ferskar




TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.794 kr/kg
Verð áður 4.299,-

**Mínútusteik**




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.744 kr/kg
Verð áður 3.659,-

**Nautapiparsteik**




Íslenskt blómkál
Íslenskt sellerý
Akursels gulrætur

## BRAKANDI FERSKT ÍSLENSKT GRÆNMETI Á HVERJUM DEGI!




TILBOÐ
GOODFELLAS PIZZUR
449 kr/stk.
Verð áður 599.-



FLORIDANA APPELSÍNUSAFI
288 kr/stk.



TILBOÐ
FIMMKORNA BRAUÐ
299 kr/stkk.
Verð áður 399.-



TILBOÐ
SNÚÐAR
159 kr/stk.
Verð áður 245.-



TILBOÐ
SNAKK & HNETU BARINN
30% afsláttur v/kassa




CHERRY COKE
129 kr/stk.




YUM YUM NÚÐLUR
109 kr/pk.




GEETA´S MANGÓ CHUTNEY
449 kr/stk.



**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 26. ágúst á meðan birgðir endast.



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Væri hernaðaríhlutun í Sýrlandi réttlætanleg?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 59,8% |
| NEI | 40,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú dugleg/ur að sækja leikhús?*

Segðu þína skoðun inni á Vísir.is VÍSIR

Reykjavíkurborg segir meiri áherslu nú lagða á öryggi gangandi vegfarenda:

# Umferðarljós við Hörpu valda töfum

**SAMGÖNGUR** Reykjavíkurborg hafa borist kvartanir vegna umferðarljósanna við tónlistarhúsið Hörpu.

Ljósin, sem eiga að vera umferðar- og viðburðastýrð, eru staðsett þannig að þau eru ekki nægilega samstillt og geta því valdið töfum á bílaumferð á háannatímum.

Stefán Finnsson, hjá umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, segir ekki standa til að breyta ljósunum.

„Þau hafa ekki verið í bylgju svo menn stoppa nokkuð oft," segir Stefán.

„En það er ekki einfalt mál að stilla þau svo þau fungeri vel, því hámarkshraðinn er svo mismunandi á þessum stutta kafla."

Þá bendir Stefán einnig á að umhverfið í miðbænum sé að breytast og meiri áhersla sé lögð á gangandi vegfarendur.

„Við erum að einbeita okkur að tryggja það flæði og að það sé öruggt," segir hann. „Þá líður bílaumferðin fyrir það. En það þarf bara að sýna því þolinmæði." - sv

**Skynjarar mæla**

Úr frétt Reykjavíkurborgar frá 22. mars 2011: „Skynjarar mæla umferðarþunga frá húsinu inn á gatnamótin og lengja þá tímann sem græna ljósið logar. Það má því segja að hér séu fyrstu viðburðastýrðu umferðarljósin í Reykjavík."



**UMFERÐARLJÓSIN VIÐ HÖRPU** Ljósin hafa valdið umferðartöfum að undanförnu.





1. Sæti

Vasabrotsbækur/skáldverk 15.–21.08 2012

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

Sjóðheit á toppnum!

Forvitnileg bók fyrir helgina

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


## Hátt í þrjátíu tökustaðir á Íslandi færðir í stafrænt kort

**Íslandsstofa vinnur nú að gerð stafræns landakorts sem sýnir helstu tökustaði á landinu sem notaðir hafa verið í kvikmyndum og þáttum. Síðan verður opnuð á næstu vikum. Rúmlega 35 verkefni á um 30 stöðum.**



**Stokksnes**
STARDUST (2007)
**Matthew Vaughn**
**Aðalhlutverk:** Claire Danes, Charlie Cox, Sienna Miller

**Dettifoss**
PROMETHEUS (2012)
**Ridley Scott**
**Aðalhlutverk:** Noomi Rapace, Charlize Theron, Michael Fassbender

**Öræfi**
JUDGE DREDD (1995)
**Danny Cannon**
**Aðalhlutverk:** Sylvester Stallone, Diane Lane

**Kleifarvatn**
NOAH (2014)
**Darren Aronofsky**
**Aðalhlutverk:** Russell Crowe, Emma Watson, Anthony Hopkins, Jennifer Connelly

**Snæfellsjökull**
JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH (2008)
**Eric Brevig**
**Aðalhlutverk:** Brendan Fraser, Anita Briem



**Einungis lítið brot**

Alls verða átján kvikmynda- og sjónvarpsmyndatitlar færðir inn á kort Íslandsstofu yfir tökustaði. Kort Fréttablaðsins sýnir því einungis lítið brot af efninu. Myndirnar voru teknar á 26 tökustöðum víðs vegar um landið, sem einnig verða færðir inn á kort Íslandsstofu.

**Reykjavík**
OBLIVION (2013)
**Joseph Kosinski**
**Aðalhlutverk:** Tom Cruise, Morgan Freeman

**Stóra-Sandvík**
FLAGS OF OUR FATHERS (2006)
**Clint Eastwood**
**Aðalhlutverk:** Ryan Phillippe, Jesse Bradford







**Jökulsárlón**
A VIEW TO A KILL (1985)
**John Glen**
**Aðalhlutverk:** Roger Moore, Christopher Walken

LARA CROFT: TOMB RAIDER (2001)
**Simon West**
**Aðalhlutverk:** Angelina Jolie, Jon Voight

DIE ANOTHER DAY (2002)
**Lee Tamahori**
**Aðalhlutverk:** Pierce Brosnan, Halle Berry

BATMAN BEGINS (2005)
**Christopher Nolan**
**Aðalhlutverk:** Christian Bale, Liam Neeson, Morgan Freeman, Katie Holmes, Michael Kane

# Noah slær met í fjölda tökustaða hér á landi

**Leikstjóri Noah, Darren Aronofsky, notaði fleiri tökustaði á Íslandi heldur en áður hefur verið gert við tökur á erlendum kvikmyndum hér á landi. Hann þakkar Íslendingum kærlega fyrir gestrisnina. 148 Íslendingar léku í myndinni.**

**IÐNAÐUR** Alls unnu 220 manns að kvikmyndinni Noah, sem tekin var upp að hluta til hér á landi, og voru Íslendingar meira en helmingur þeirra. Um 150 Íslendingar fóru með misstór hlutverk í myndinni. Leigðar voru samtals 3.650 nætur á hótelherbergjum. Tökuliðið leigði þrjátíu jeppa, tíu sendibíla og 75 fólksbíla.

Þetta kemur fram í svörum frá Julie Kuehndorf, upplýsingafulltrúa stórmyndarinnar, sem Fréttablaðið óskaði eftir.

Meira en 300 fyrirtæki áttu í viðskiptum við framleiðendur myndarinnar, meðal annars vegna leigu og kaupa á tækjum, bensíni og mat.

Undirbúningur vegna framleiðslu myndarinnar hér á landi hófst í nóvember síðastliðnum þegar Darren Aronofsky, leikstjóri myndarinnar, kom fyrst til Íslands að skoða tökustaði.

Meðal tökustaða voru Djúpavatnsleið, Sandvíkurklofi, Lambhagatjörn og Undirhlíðanáma við Kleifarvatn, Sandvík, Hafnir, Reynisfjara, Raufarhólshellir, Leirhnjúkur við Mývatn, Hamragarðaheiði og Svartiskógur.

Tökustaðir eru fleiri í Noah en nokkurri annarri erlendri kvikmynd sem hér hefur verið tekin upp.



**REYNISFJARA** Einn af fjölmörgum tökustöðum fyrir Noah. Reynisfjara var einnig notuð í kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar, Hrafninn flýgur, og í Á köldum klaka, eftir Friðrik Þór Friðriksson. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

**115** Tökulið Noah leigði 115 farartæki á meðan á tökum á kvikmyndinni stóð.

Tökur á Íslandi tóku fjórar vikur, sem er þriðjungur heildartímans sem áætlaður er í tökur. Aðrir hlutar verða teknir upp í nágrenni New York.

„Nú, þegar tökum á Íslandi er lokið, vil ég nota tækifærið og þakka okkar frábæra íslenska starfsfólki fyrir óendanlegan dugnað, sem og Íslendingum fyrir göfuga gestrisni með því að bjóða Noah velkominn til landsins," segir Aronofsky. „Ísland er magnaður staður sem bauð okkur upp á ótrúlega fjölbreytta tökustaði. Takk, Ísland. Ég hlakka til að koma aftur!" Frumsýning Noah er áætluð í mars 2014. sunna@frettabladid.is

# SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

30-50% AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM

Rúm Gott

**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: **70.224**
Tvíbreitt: **129.336**

## FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



Rúm Gott

**30-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNS-RÚMUM**

Einbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 190.049.-**

Tvíbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 346.995.-**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
**– Eingungis greiðist lántökugjald**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað heitir sjoppan í Hafnarfirði sem talið er að kveikt hafi verið í?*

**2.** *Hvað eru stýrivextir Seðlabankans háir?*

**3.** *Hvað tók Steindi jr. upp tónlistarmyndband sitt í mörgum löndum?*

**SVÖR:**

**1.** *Bryndísarsjoppa* **2.** *5,125%* **3.** *Fjórum.*

Yfirvöld í Kaupmannahöfn vilja fækka reykingamönnum næstu þrettán árin:

# Vill reyklausa Kaupmannahöfn

**DANMÖRK** Ný áætlun borgarstjórnar Kaupmannahafnar gerir ráð fyrir því að borgin verði svo gott sem reyklaus árið 2025, eftir þrettán ár. Tíu milljónir danskra króna hafa verið lagðar í verkefnið.

„Ég held að þetta gangi betur með því að horfa jákvætt á hlutina og ofsækja ekki reykingamenn í Kaupmannahöfn," sagði Ninna Thomsen, yfirmaður heilbrigðismála borgarinnar og leiðtogi Sósíalíska þjóðarflokksins við dagblaðið Politiken. Hún vill að borgin verði fyrsta reyklausa borgin í heiminum. „Við þurfum að gefa reykingamönnum tækifæri til að hætta frekar en að neyða þá til þess."

Samkvæmt áætluninni munu aðeins fjögur prósent borgarbúa reykja, en nú er hlutfallið 21 prósent. Það þýðir að 72 þúsund manns þyrftu að hætta að reykja á næstu þrettán árum.

Áætlunin gerir einnig ráð fyrir því að fjölga námskeiðum og herferðum til að hjálpa fólki að hætta að reykja. Thomsen segist vonast til þess að það komist í tísku hjá fyrirtækjum að vera reyklaus.

Fyrirætlanir borgaryfirvalda hafa vakið mikla gagnrýni. Krabbameinsfélög hafa meðal annars gagnrýnt áætlunina fyrir að vera óraunhæfa og ýkta. - þeb



**SÍGARETTUR** Kaupmannahöfn stefnir nú á að fækka reykingamönnum mikið á næstu árum.

Slys á Hakinu á Þingvöllum:

# Bíl bakkað á leiðsögumann

**LÖGREGLUMÁL Eldri maður var fluttur með sjúkrabíl frá Þingvöllum til Reykjavíkur í gærmorgun eftir að ekið var á hann fyrir utan Fræðslumiðstöðina á Hakinu á Þingvöllum.**

**Maðurinn var við störf sem leiðsögumaður þegar bíl var bakkað á hann. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi gættu hvorki hann né ökumaður bílsins nægilega vel að sér. Maðurinn fékk höfuðhögg og skarst á hendi en slasaðist þó ekki alvarlega.** - sh



**MIKILL VIÐBÚNAÐUR** Sérsveitin var send á vettvang, eins og venja er þegar skotum er hleypt af. Myndin er úr safni.

Byssuskot rakið til veikinda:

# Skotmaðurinn hlýtur aðstoð

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem skaut í gólfið úr stórum og öflugum veiðiriffli í heimahúsi í Garðabæ í fyrradag á við andleg veikindi að stríða og verður veitt viðeigandi aðstoð eftir að rætt hefur verið við hann um atvikið, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.

Enginn slasaðist þegar skotinu var hleypt af, en hvellurinn heyrðist vel í næsta nágrenni og lögregla hafði mikinn viðbúnað. Alls tóku um þrjátíu lögreglumenn, meðal annars úr sérsveit ríkislögreglustjóra, þátt í aðgerðinni.

Ekkert bendir til annars en að skotvopnið hafi verið skráð og geymt á eðlilegan hátt. - sh

# Romney reynir að bjarga sér

**Mitt Romney beinir athyglinni að efnahagsmálum og atvinnu eftir erfiða viku, sem snúist hefur um umdeild áform varaforsetaefnis hans og ummæli flokksbróður hans um nauðganir og fóstureyðingar.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hefur val Mitt Romneys á varaforsetaefni breytt stöðunni í kosningabaráttunni?

Mitt Romney, forsetaefni Repúblikanaflokksins, reynir nú að beina athygli kjósenda að efnahagsmálunum og lofar þremur milljónum nýrra starfa, meðal annars með því að heimila boranir eftir olíu á fleiri svæðum út af strönd Virginíu og Norður-Karolíníu.

Kosningaúrslit í báðum þessum ríkjum geta skipt miklu máli um það hvort Romney nær að vinna sigur á Barack Obama í forsetakosningunum, sem haldnar verða í byrjun nóvember.

Romney hefur átt í vök að verjast alla vikuna. Hann hefur þurft að verja ákvörðun sína um að gera Paul Ryan að varaforsetaefni sínu, en Ryan vill ganga enn lengra en Romney í niðurskurði til velferðarmála.

Þá hafa undarleg ummæli flokksbróður þeirra, Todds Akin, um fóstureyðingar og nauðganir komið Romney illa, ekki síst vegna þess að Ryan hefur að nokkru tekið undir svipuð sjónarmið og Akin.

Akin fullyrti í sjónvarpsviðtali að fórnarlamb nauðgana eigi ekki að fá greitt úr ríkissjóði fyrir fóstureyðingu, og rökstuddi það með því að konur geti varla orðið barnshafandi af völdum nauðgana.

Obama hefur óspart notfært sér þetta mál, meðal annars með því að segja að Akin, sem situr í vísindanefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, hafi örugglega misst af einhverjum kennslustundum í vísindagreinum.

Obama sagði þetta reyndar dæmigert fyrir repúblikana, sem vilja „fara afturábak frekar en áfram og standa í baráttu sem við héldum að hefði verið útkljáð fyrir tuttugu eða þrjátíu árum."

Annars hefur fréttaflutningur af kosningabaráttunni í Bandaríkjunum verið neikvæðari gagnvart frambjóðendunum en þekkst hefur áratugum saman, samkvæmt nýrri könnun frá Pew-rannsóknarstofnuninni.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hafa 72 prósent frétta af Obama verið neikvæðar, en 71 prósent af Romney, þannig að lítill munur er á þeim hvað þetta varðar.

Um Obama er oftast sagt að honum hafi ekki tekist að koma efnahagslífi landsins á skrið eftir kreppu síðustu ára, en um Romney er oftast sagt að hann sé málsvari auðvaldsins og hafi hagnast á því að rústa fyrirtæki.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**MITT ROMNEY** Forsetaefni Repúblikanaflokksins hugsar málin. NORDICPHOTOS/AFP


## Vilt þú læra á listskauta?







**SKAUTAFÉLAGIÐ BJÖRNINN**
**LISTHLAUPADEILD**
er með 14 vikna listskautanámskeið
**1. september – 8. desember 2012**

Skemmtilegar listskautaæfingar fyrir hressar stelpur og káta stráka.

Sér hópur er fyrir unglinga.

Frábær æfingaaðstaða í EGILSHÖLL.
Æfingar 2 í viku, á miðvikudögum og laugardögum.

**Skráning á www.bjorninn.com** – Listskautar eða á staðnum þann 1. september frá kl. 10-14.

**FRÍR PRUFUTÍMI**

Björninn

Hreysti – Gleði – Vellíðan – Hreyfing – Styrkur – Samhæfing




**MARÍULAXINN** Steinunn Helga með maríulaxinn sinn í fyrra, en slíkar upplýsingar skila sér oft í veiðibækur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skráning stangveiði er nákvæmari hér á landi:

# Veiðiskráning einstök

**VEIÐI** Skrínan, rafræn skráning lax- og silungsveiði á vegum Veiðimálastofnunar og Fiskistofu, hefur vakið ágæt viðbrögð hjá veiðiréttarhöfum í sumar. Það sem af er veiðitímanum hafa upplýsingar um tæplega 4.000 stangveidda laxa og um 800 silunga verið skráðar með þessum hætti, en þetta er annað sumarið sem boðið er upp á þessa veflausn.

Þær veiðiár sem skráð hefur verið fyrir í sumar eru Leirá, Gljúfurá, Norðurá, Víðidalsá, Svalbarðsá, Norðfjarðará og Ytri-Rangá. Upplýsingar um veiði eru skráðar þar með sama sniði og þær koma fyrir í veiðibókum og eru einstakar skráningar jafnharðan sýnilegar á netinu. Notendum gefst þar kostur á að skoða upplýsingar um einstaka fiska; stærð, veiðistað og veiðarfæri, auk þess sem sjá má samtölur um veiði einstakra áa og veiðisvæða.

Svo ítarleg skráning á veiði, þar sem hver einstakur fiskur er skráður ásamt upplýsingum um hann, er einsdæmi í heiminum. Á það jafnt við um hefðbundna skráningu í bækur á veiðistað og netskráninguna sömuleiðis.

Veiðiskráning með þessum hætti opnar aðgengi að nýjustu veiðitölum á hverjum tíma, bætir yfirsýn yfir veiðina hverju sinni og eykur gæði veiðiskráningar, að mati umsjónarmanna. - shá

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör

Tilboðin gilda **23. - 26.** ágúst




DANSKAR
**KJÚKLINGABRINGUR**
900 G FROSNAR

**-500 KR**

**1.198**
ÁÐUR **1.698** KR/PK

# BESTU TILBOÐIN **Í NETTÓ**



**NAUTAHAKK**
FERSKT

**34% AFSLÁTTUR**

**989**
ÁÐUR **1.498** KR/KG

KJÖTSEL




**LAMBABÓGUR**
ÍTALSKUR

**35% AFSLÁTTUR**

**1.169**
ÁÐUR **1.798** KR/KG



**SPELTBRAUÐ**
MYLLAN, 500 G

**2 FYRIR 1**

**399** KR/2PK



**SPERGILKÁL/ HVÍTKÁL**

**50% AFSLÁTTUR**




**KAFFI**
PETER LARSEN

**25% AFSLÁTTUR**



**BAGUETTE**
BAKAÐ Á STAÐNUM*

**NÝBAKAÐ**

**50% AFSLÁTTUR**

**115**
ÁÐUR **229** KR/STK

*Gildir ekki um Nettó Salaveigi

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Bráðadeildir Landspítalans að kikna vegna fjölgunar

Fjölgun á komum á bráðadeildir LSH skiptir þúsundum síðustu ár. Að meðaltali koma 200 manns á dag í Fossvoginn. Innlögnum af bráðadeild fjölgar ekki, sem bendir til að fólk komist ekki annars staðar að.

**HEILBRIGÐISMÁL** Annað árið í röð er mikil aukning á komum á bráðadeildir Landspítalans (LSH). Forstjórinn segir þetta áhyggjuefni en ekki auðvelt að greina hvað veldur. Að meðaltali koma yfir 200 manns á bráðadeild LSH í Fossvogi.

Björn Zoëga, forstjóri LSH, vék að því í pistli á heimasíðu LSH síðastliðinn föstudag að sumarstarfið hefði gengið vel. Hóflegt álag hefði verið víða á spítalanum en álagið þó of mikið á bráðamóttökurnar; Hjartagáttina á Hringbraut og í Fossvogi.

> Við höfum af þessu miklar áhyggjur og þetta hefur skapað mikil vandræði, til dæmis í sumar.
>
> **BJÖRN ZOËGA**
> FORSTJÓRI LSH

Inntur eftir því hversu mikil aukningin hefur verið síðustu tvö ár segir Björn að 1.700 fleiri hafi sótt á bráðadeildina í Fossvogi það sem af er ári. Það er 4,1% aukning og á hverjum degi komi því yfir 200 manns í Fossvoginn að meðaltali. Alls hafa um tvö þúsund fleiri sótt bráðamóttökurnar nú en í fyrra. Árið 2011 var aukningin 5,6% allt árið eða á sjötta þúsund fleiri heimsóknir. Þar af var aukningin í Fossvogi 4,5% eða 2.700 fleiri.

„Þetta er mikil aukning, sérstaklega þegar maður horfir á tölurnar um fjölda einstaklinga. Við höfum af þessu miklar áhyggjur og þetta hefur skapað mikil vandræði, til dæmis í sumar," segir Björn.

Spurður um ástæður þessarar fjölgunar á bráðadeildunum segir Björn að það hafi ekki verið skoðað nákvæmlega hvað veldur. Það sé ekki lagt á sjúklingana, sem leita á deildirnar, að spyrjast fyrir um ástæður heimsóknar þeirra. „En starfsmenn mínir hafa nefnt að ástæðan sé einfaldlega sú að erfitt sé að komast að annars staðar í kerfinu; að meira sé um lokanir og samdrátt í þjónustu annars staðar í heilbrigðiskerfinu. Við höfum hins vegar ekki yfirlit um slíkt. Við höfum verið að velta því fyrir okkur hvort fólk sé veikara; þurfi frekar en áður á okkar þjónustu að halda. Innlagnir á Landspítalanum benda ekki til þess. Hlutfall þeirra sem leggjast inn hefur ekki hækkað. Aukningin er vegna minni vandamála, ekki alvarlegri veikinda," segir Björn.

Fram kemur í pistli forstjórans að hálfsársuppgjör spítalans sé væntanlegt í dag. Hann skrifar að starfsmenn hafi áhyggjur af því að síðustu ár. „Ég hef reynt að fullvissa viðkomandi starfsmenn um að það sé orðið ómögulegt að spara meira á spítalanum og er því nokkuð bjartsýnn á að það sé skilningur fyrir því hjá ríkisstjórninni," segir Björn.

svavar@frettabladid.is



**Á BRÁÐADEILD** Reynt hefur verið að fjölga starfsfólki til að mæta fjölgun á bráðadeildir LSH. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ráðherra: Svarað í fjárlagagerðinni

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra vill ekki tjá sig sérstaklega um tækjamál Landspítalans, en í forsíðufrétt í gær var sagt frá því að endurnýja þyrfti úr sér genginn tækjabúnað á Landspítalanum fyrir tvo til þrjá milljarða króna á næstu tveimur árum, að mati forstjóra LSH.

Guðbjartur segir þó að þessi umræða hafi risið upp reglulega undanfarin ár og „forvitnilegt að skoða tölurnar fyrir hrun," og vísar til þess að 210 milljónir á ári hafi verið ætlaðar til tækjakaupa allt frá árinu 2001.

„En við svörum þessu bara í fjárlagagerðinni og umfjölluninni um fjárlögin," segir Guðbjartur.



**NAMMINAMM** Lamakálfurinn Pippa japlar hér á vænni tuggu. Hún hefur heillað gesti og starfsfólk dýragarðsins í Hannover í Þýskalandi. Hún er afar fjörug og leikur meðal annars mikið við flóðsvín sem eru nágrannar hennar. NORDICPHOTO/AFP

Hæstiréttur í Danmörku:

# Milljónasekt vegna viðskipta við Saddam

**DANMÖRK** Hæstiréttur í Danmörku hefur staðfest dóm Eystri-Landsréttar um að danska bílasalan Bukkehave Corporation greiði tíu milljónir danskra króna, um 200 milljónir íslenskra króna, vegna ólöglegra viðskipta við stjórn Saddams Hussein Íraksforseta.

Fyrirtækið seldi Írökum vörubíla og varahluti fyrir 125 milljónir danskra króna á árunum 2000 til 2002. Vegna viðskiptabanns gátu Írakar aðeins keypt matvæli og lyf fyrir þá olíu sem þeir seldu úr landi, samkvæmt frétt danska ríkisútvarpsins.

Til þess að landa samningnum samþykkti bílasalan að greiða íröskum stjórnvöldum tíu prósent af verðmæti viðskiptanna. - ibs






## Færanleg skólarými í Reykjavík




Engin færanleg skólarými eru á græna svæðinu.

Færanlegar kennslustofur verða 62 í borginni í vetur:

# Færanlegu rýmin flest í efri byggðum

**REYKJAVÍK** Grunnskólar Reykjavíkur munu notast við 62 færanleg kennslurými á lóðum skólanna í vetur. Flestar eru kennslustofurnar við Dalskóla í Úlfarsfellshlíðum eða tólf talsins. Þangað flutti Reykjavíkurborg fjórar skólastofur til viðbótar í sumar.

Fjórtán þúsund börn munu stunda nám í grunnskólum borgarinnar í vetur. Miðað við að hver bekkur hafi 20 nemendur opnast rými fyrir 1.200 börn. Til samanburðar hefja um 1.400 börn nám í fyrsta bekk í haust. Færanlegu skólastofurnar fá hins vegar ekki allar hlutverk heimastofu bekkjanna.

Flestar skólastofurnar, 37 talsins, verða austan Elliðaáa, í Seljahverfi og Breiðholti í vetur. Skólar vestan Kringlumýrabrautar munu nota 25 stofur ef Laugarnesskóli er talinn með. Athygli vekur að engar færanlegar skólastofur er að finna á lóðum skóla í hverfum austan Kringlumýrabrautar (ef Laugarnesskóli er undanskilinn) og vestan efri byggða í Grafarholti og Grafarvogi.

Færanlegu kennslurýmin eru notuð til að anna aukinni eftirspurn eftir kennslurými í ákveðnum hverfum. Sú eftirspurn er hins vegar ekki stöðug og því eru skólastofurnar fluttar á milli hverfa eftir þörfum ár hvert. - bþh



**FÆRANLEGAR KENNSLUSTOFUR** Notast verður við 62 slíkar stofur í Reykjavík í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Vodafone segir takk og til hamingju
Takk fyrir frábæra þátttöku í Instagram viðburði okkar á Menningarnótt. Nærri 1700 myndir voru birtar með #Menningarnótt og 440 tíst.
Einn heppinn þátttakandi, @bragiw, hlýtur Samsung Galaxy SIII að launum. Takk fyrir okkur og til hamingju @bragiw.
Þín ánægja er okkar markmið
12-1655 HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

föstudagur **Föstudagsviðtalið** **Áhrif efnahagshremminganna á gríska skólakerfið**




**ELENI ANTHIMIDOU** Grikkir deyja ekki ráðalausir þó pyngjan sé tóm. Til dæmis hafa þeir komið upp þjónustuskiptimarkaði þar sem til dæmis kennari getur fengið aðstoð pípara gegn því að gefa börnum píparans einkatíma. Aðrar afleiðingar efnahagshremminganna eru mun ógnvænlegri. Til dæmis hefur sjálfsmorðstíðnin hækkað gífurlega á Grikklandi en áður var þar ein lægsta sjálfsmorðstíðni í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Grikkir eru reynslunni ríkari

Kennslukonan **Eleni Anthimidou** frá Þessalóníku sagði *Jóni Sigurði Eyjólfssyni* frá áhrifunum sem efnahagshremmingarnar hafa haft á gríska nemendur og foreldra. Hún hefur einnig verið vitni að því hvernig landar sínir deyja ekki ráðalausir þó pyngjan sé tóm. Hún segir Íslendinga ljóma af einlægri gleði og minna sig á það hvernig Grikkir voru meðan allt lék í lyndi.

Ríkisstarfsmenn eru meðal þeirra heppnu á Grikklandi því þó klipið hafi verið vel af launum þeirra frá því hremmingarnar hófust þá prísa þeir sig sæla yfir að vera með örugga vinnu. En þó eru blikur á lofti þar líka og margsinnis hefur gríska ríkið staðið frammi fyrir því að sjá ekki fram á að geta greitt starfsmönnum sínum. „Ég man til dæmis þegar ég pantaði flugmiðana til Íslands, það var í febrúar þó ferðin væri ekki fyrr en í ágúst, þá hugsaði ég með mér, hvað í ósköpunum er ég að gera? Ég hef ekki hugmynd um hvernig verður ástatt hjá mér í ágúst.“

### Háskólanám er engin trygging lengur

En þó starfsheitið sé það sama hefur vinnan efalítið breyst síðustu ár. Hvaða áhrif hafa þessar efnahagshremmingar á skólastarfið? „Menntun barnanna hefur alltaf verið forgangsmál fyrir gríska foreldra. Það var allt sett í sölurnar svo þau gætu stundað tungumálanám fyrir utan skóla og jafnvel tónlistarnám eða eitthvað því um líkt. Nú hefur fólk ekki burði til þess lengur. Síðan var háskólanám álitið trygging að farsælum ferli. Nú er hins vegar svo komið að menntað fólk fær ekki vinnu.

Ég er meðal annars að kenna átján ára nemendum en þeir þurfa að þreyta samræmd próf sem síðan hafa úrslitaáhrif á það hvað þeir geta lært í háskólunum. Þess vegna hafa alltaf verið haldnir sérstakir undirbúningstímar fyrir þessi próf. En í ár voru óskaplega margir foreldrar sem höfðu ekki efni á að senda börn sín í þessa undirbúningstíma svo við ákváðum að bjóða þeim verst stöddu að stunda þá endurgjaldslaust. En þá spurðu sig margir til hvers í ósköpunum þeir ættu að vera að hafa fyrir þessu þar sem framtíð háskólamenntaðra manna virðist ekkert ljósari en annarra. Þetta er í fyrsta skiptið sem ég verð vör við þetta viðhorf. Nú eru foreldrar frekar farnir að hvetja börn sín til að læra einhverja iðn en þá komum við að öðru því háskólanám var ekki aðeins álitið lykill að góðum starfsferli, það var einnig álitið hollt hverjum manni að fara í háskólanám þó ekki væri nema til þess að vaxa og dafna sem manneskja jafnvel þó fólk ákvæði síðar að taka við veitingastaðnum hans pabba eða vinna við eitthvað sem var alls óskylt háskólanáminu. Nú er þetta allt breytt og nemendur vita ekki sitt rjúkandi ráð.“

### Sjálfsmorðstíðnin var með þeim lægstu í heimi

Hvernig bitnar ástandið á sálartetri nemendanna? „Þeir eru náttúrulega ósköp daprir. Enda erfitt heima hjá mörgum þeirra. Þeir heyra líka margar raunasögur frá samnemendum sínum. Ég á dóttur í framhaldsskóla og hún var að segja mér af foreldrum eins vinar síns sem áttu verslanakeðju. Áður gátu þau nánast bent á hvaða stað sem var í Atlasnum og ákveðið að fara þangað en nú snýst lífið bara um það að komast af og auðvitað fylgir þessu áfalli erfitt heimilislíf. Svo veit hvert mannsbarn að sjálfsvígstíðnin hefur snarhækkað og slík tíðindi eru náttúrlega þrúgandi. Sjálfsmorðstíðnin á Grikklandi var með þeim lægstu í heimi en hefur nú hækkað ógnvænlega. Aðallega er þetta fólk á aldrinum 40 til 55 sem hefur misst allt og ofan á það áfall eru lánardrottnar að hamast á þeim varnarlausu svo fólki finnst það vera í slíku öngstræti að það sér enga aðra leið.“

### Læknar taka hús á sjúklingum endurgjaldslaust

Þið kennarar verðið náttúrulega að standa keikir gagnvart óttaslegnum nemendum, hvaða vonarneista er hægt að grípa til að gefa þeim trú á framtíðina? „Það hefur ýmislegt breyst til hins betra. Til dæmis hefur samkenndin aukist og það með áþreifanlegum hætti. Til dæmis hafa verið sett á laggirnar apótek og verslanir og þangað getur fólk sem hefur eitthvað aflögu gefið vörur eða lyf. Síðan geta þeir sem á þurfa að halda nálgast það þar. Ástandið er þannig að fjölmargir hafa dottið út fyrir öryggisnetið sem félagslega kerfið á að veita þeim og af þeim sökum hafa læknar tekið sig til og ganga í hús. Þá er auglýst í fjölmiðlum í hvaða hverfi þeir eru þann daginn og þá geta íbúar þess hverfis haft samband og beðið þá að koma við hjá sér. Þetta hefur verið ómetanleg hjálp fyrir marga. Við vitum dæmi þess að krabbameinssjúklingar, til dæmis, hafa ekki átt fyrir lyfjum eða meðferð. Svo er búið að koma á koppinn þjónustuskiptamarkaði. Hann fer þannig fram, svo að við tökum nú dæmi, að ég get þá boðið fram einkatíma en fengið pípulagningamann í staðinn til þess að redda stífluða vaskinum hjá mér,“ segir Eleni og hlær við.

### Spillta liðið í kerfinu

En það er fleira sem breyst hefur til hins betra. Fyrir nokkrum árum var „umslagið“ svokallaða opinbert leyndarmál. Þó ekki færi það hátt vissu allir að hægt var að kaupa sér greiðari afgreiðslu mála, nær hvarvetna í kerfinu, með því að lauma þykku umslagi með dágóðri summu til lækna, embættismanna og annars áhrifafólks. „Nú höfum við lært af þessari hörðu reynslu að þetta er eitt af þeim meinum sem leiddu okkur í þetta sjúklega ástand. Það er því búið að skera upp herör gegn þessu hátterni. Eins vissu það allir að embættismenn hlóðu vinum og ættingjum í vinnu, til dæmis með því að óska eftir tólf hreingerningarmönnum á stað þar sem fjórir hefðu hæglega getað séð um verkið. Með þessu móti var hægt að skaffa vinnu fyrir frænku og frænda. Þetta hátterni er nú loksins komið á svartan lista. Eins voru margir iðnir við það að sækja um styrki sem áttu að fara til góðra verka en voru síðan notaðir til að reisa villu eða einkasundlaug.“

### Íslendingar missa ekki glampann í augunum

Eleni er í stuttu fríi hér á landi og hefur reynt eftir fremsta megni að ferðast um landið og þar hefur margt komið á óvart. „Ég man eftir því að ég fór í gróðrarstöð í Mosfellsdal og þar var verið að selja blóm og ávexti. Það var hins vegar enginn að afgreiða heldur borgar fólk í bauk sem stendur þar hjá. Á Grikklandi væri líklegast einhver búinn að taka varninginn og baukinn líka,“ segir Eleni og skellir upp úr. „En það hefur komið mér skemmtilega á óvart að Íslendingar eru hjartahlýir, opnir og hamingjusamir. Það skín alveg fölskvalaus ánægja úr augum þeirra. Svona var þetta á Grikklandi fyrir nokkrum áratugum, meira að segja í síðasta þorpinu í dalnum var þér tekið opnum örmum og boðið í bæinn. Nú erum við með harðari skráp. Ég vona hins vegar að þið Íslendingar látið engar hremmingar slökkva þennan hamingjuglampa í augunum.“

> Ástandið er þannig að fjölmargir hafa dottið út fyrir öryggisnetið sem félagslega kerfið á að veita þeim og af þeim sökum hafa læknar tekið sig til og ganga í hús.

Iceland



# Þökkum frábærar móttökur!

**Við erum í sjöunda himni með viðtökur viðskiptavina okkar.**

**Við bætum stöðugt við nýjum vörutegundum og gerum góða búð enn betri. Verið velkomin.**



Opið frá **11 - 20** alla daga

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Framlög til Útlendingastofnunar á fjárlögum.

## Við eigum að geta gert vel

Mikið hefur verið rætt og fjallað um málefni útlendinga, og þá sérstaklega hælisleitenda, undanfarið. Þessi mál komast í almenna umræðu hér á landi nokkuð seinna en í nágrannalöndunum, þar sem þau hafa verið pólitískt bitbein í mörg ár.

Í viðtali við Fréttablaðið í maí sagði Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, að sér þætti umræðan hér á landi vera frumstæð og sleggjudómakennd. „Það hefur aldrei farið fram nein raunveruleg umræða um hælisleitendur og hvernig á að taka á móti þeim. Ekki heldur um hvernig við eigum að haga okkur gagnvart erlendum ríkisborgurum almennt,“ sagði hún meðal annars. Hún benti jafnframt á að stjórnmálaflokkar hér á landi hefðu ekki mótað sér stefnu í þessum málum. Því hefur verið spáð að breyting verði á þessu á næstunni og að í alþingiskosningum næsta árs verði útlendingamál framar á dagskránni en áður. Ólíklegt verður þó að teljast að nokkur stóru flokkanna taki upp harða stefnu gegn útlendingum.

SKOÐUN



Þórunn Elísabet Bogadóttir

thorunn@frettabladid.is

Þrátt fyrir allt hefur þónokkuð áunnist í málefnum hælisleitenda hér á landi síðustu árin. Breytingar voru gerðar á lögum árið 2010 sem bættu stöðu hælisleitenda og flóttamanna. Skýrsla sem nefnd um málefni útlendinga utan Evrópska efnahagssvæðisins gerði, og var gefin var út í júní síðastliðnum, leggur til enn frekari úrbætur. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur boðað að frumvarp að nýjum heildarlögum um útlendinga verði lagt fram í þinginu í haust. Frumvarpið mun byggja á tillögum nefndarinnar. Ef af verður má segja að lagaramminn komist í gott horf.

Það sem vantar hins vegar upp á er framkvæmdin. Útlendingastofnun, sem er ætlað sífellt stærra hlutverk, er ekki risastórt bákn eins og margir virðast halda. Þar vinna um tuttugu manns í heildina sem eiga að afgreiða allar umsóknir um dvalarleyfi og hæli sem hingað berast. Dvalarleyfisumsóknir eru í kringum 3500 og um áttatíu hælisleitendur bíða úrlausna sinna mála. Fjórir lögfræðingar starfa hjá stofnuninni, en að sögn forstjórans þyrftu þeir að vera tvöfalt fleiri. Hver lögfræðingur sem aðeins sinnir hælisleitendum getur aðeins afgreitt tvö mál á mánuði og biðtíminn nálgast því tvö ár.

Biðin kostar ríkið háar upphæðir og hefur ömurleg áhrif á þá sem þurfa að bíða. Vel má vera að ekki sé hægt að taka við öllum sem hér vilja vera, en mannúðin felst þá í því að fólk þurfi ekki að sitja aðgerðalaust upp á von og óvon svo árum skipti. Taka má undir orð Kristínar Völundardóttur frá því í vor, við eigum að geta gert vel hér á landi af því að þetta er svo lítill fjöldi sem um ræðir. Vilji virðist vera fyrir því í innanríkisráðuneytinu að bæta úr þessu og spennandi verður því að sjá hvernig tekið verður á málefnum Útlendingastofnunar í væntanlegum fjárlögum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sérkennileg rök

Lilja Mósesdóttir hefur tilkynnt að hún hyggist hætta sem formaður Samstöðu, en hún var helsti hvatamaður að stofnun þess flokks. Með því hyggst hún taka ábyrgð á „fylgishruni“ flokksins, en þar vísar hún til þess að í skoðanakönnunum hefur fylgi flokksins minnkað. Einhver mundi segja að með þessu væri verið að auka veg skoðanakannana all svakalega, en athyglisverðari eru þau rök Lilju að nýr flokkur eigi erfitt uppdráttar í fjölmiðlum. Er ráðið við því að eini þingmaðurinn sem tengist flokknum stígi til hliðar? Er ekki frekar ráð að nýta þá vigt sem þingmenn þó enn hafa?



### Rökstuðning takk

Ef Lilja ætlar að láta taka sig alvarlega þarf hún hins vegar að færa rök fyrir þeirri skoðun sinni að fjölmiðlar séu henni lokaðri en öðrum. Lilja hefur einmitt verið nokkuð áberandi í fjölmiðlum. Í febrúar 2011 hafði hún komið næst oftast allra í Silfur Egils frá hruni, svo dæmi sé tekið.




### Einkavæðing upplifunarinnar

Útbreitt og á stundum hvimleitt hlaupaæði virðist hafa gripið þjóðina. Mikið hefur verið lagt upp úr því að fjölskyldan geti sameinast í Reykjavíkurmaraþoni, þeir sem ekki hlaupa geta hvatt aðstandendur sína. Íþróttabandalag Reykjavíkur hefur hins vegar ákveðið að einkavæða þessa upplifun og fært einum aðila einkarétt á því að birta og selja myndir úr maraþoninu. Lítill íþróttaandi þar á ferð.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Sóknarkirkjan á samleið með uppalendum

Trúmál



Bjarni Karlsson

sóknarprestur í Laugarneskirkju

Þegar við flettum blaði dagsins blasir við að mannlífið er komið í haustgírinn. Það er einhver fersk tilfinning sem fylgir haustinu, tilfinning fyrir því að nýjar áskoranir séu þess virði að taka þær og að komandi vetur geti gefið margt gott af sér ef rétt er á spöðunum haldið.

Það er flókið að lifa því það þarf að halda jafnvægi á svo mörgum sviðum í einu; heilsa, fjármál, nám, vinna, sambönd, fjölskyldulíf, áhugamál …

Og þegar börnin okkar vaxa úr grasi er það von okkar að þau verði enn leiknari en við og færari um að vera farsælt fólk í flóknum heimi. Þess vegna viljum við að þau eignist fjölbreytta reynslu í uppvextinum. Við höldum að þeim að iðka skólanámið, hvetjum þau til að stunda íþróttir og helst tónlist og viljum að þau séu félagslega virk.

Barna- og æskulýðsstarf kirkjunnar er félagslegur vettvangur þar sem börn og unglingar fá tækifæri til að þroska persónuleika sinn. Þar fer fram þjálfun í að velja og hafna fyrir sjálfan sig, greina aðstæður og koma auga á lausnir.

> Og þegar börnin okkar vaxa úr grasi er það von okkar að þau verði enn leiknari en við og færari um að vera farsælt fólk í flóknum heimi.

Helgisagnirnar í Biblíunni útskýra með sígildum hætti hvernig fólk getur orðið farsælt, bænin er traust aðferð til að eiga innra líf og vera sjálfum sér samkvæmur og félagsskapur undir merkjum Jesú frá Nasaret er æfing í því að tilheyra hópi þar sem ekki er stillt upp í goggunarraðir heldur hugað að öðrum og meira skapandi samskiptaleiðum.

Því hvet ég alla uppalendur til þess að huga að því hvað sóknarkirkjan hefur að bjóða börnum og unglingum og styðja þau í því að finna þar eitthvað sem vekur áhuga þeirra. Kirkjan er og vill vera traustur samherji í uppeldi barna og unglinga.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ef þið hagið ykkur ekki almennilega

Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Einar Örn Benediktsson borgarfulltrúi sagði á blaðamannafundi að það yrði engin menningarnótt 2013 ef fólk lærði ekki að haga sér almennilega. Þetta var haft eftir honum í Reykjavík – Vikublaði síðastliðinn föstudag.

Allir sem gengið hafa íslenskan mennta- og uppeldisveg hafa vafalaust fengið sinn skerf af hóprefsingum og hótunum um þær. „Það fær enginn ís ef þið hagið ykkur ekki almennilega! Það verður ekki farið í river-rafting ef 10. bekkur gengur ekki snyrtilega um! Við lokum bókasafninu ef þið setjið ekki Tinnabækurnar á réttan stað!“ Þannig mætti lengi telja.

Ef svona uppeldisaðferðir virkuðu þá væru engin agavandamál til og íslenskir grunn- og leikskólar væru musteri góðrar hegðunar. En eins og það má segja margt gott um íslensk börn þá verður seint fullyrt að það sé friðsælt þar sem þau koma mörg saman. Hérlendar skólastofur eru ekkert sérlega rólegir staðir til að vera á. Ég veit svo sem ekki hvað veldur, sumt af þessu er jafnvel meira menningarlegt en persónubundið.

Ég hef heyrt af tvítyngdum pólskum börnum sem í einni andrá þéra pólskukennarann sinn („Frú Anna, gætuð þér nokkuð verið svo vænar að segja mér hvað klukkan er?“) en snúa sér svo að íslenska umsjónarkennaranum og öskra hástöfum: „Magga! Ég þarf að pissa!“

Stærsta ráðgátan í þessu öllu saman er í raun það hvernig flest þessi börn verða bara að kurteisasta fólki einhvern tímann fyrir tvítugt.

Fólk á fyrstu árum háskóla er sjaldnast með læti í fjármálastærðfræðitíma og ég hef til dæmis ekki orðið var við að stórfelld prófsvindl væru vandamál í íslenskum framhaldsskólum og háskólum, en það er nokkuð sem skólastofnanir í Mið-Evrópu glíma oft við. En já, stundum virðist tíminn ala fólk upp fremur en nokkuð sem fullorðna fólkið gerir.

### Hóprefsingar

Það er auðveldara fyrir kennarann að taka skærin af öllum frekar en að taka þau af einhverju einu barni og þurfa svo að svara fyrir það gagnvart foreldrunum þess. Það er auðveldara að loka nemendaaðstöðunni ef hún er drulluð út frekar en að finna hina ábyrgu. Margt er auðvelt.

En það breytir því ekki að það er siðlaust að refsa einhverjum fyrir eitthvað sem einhver annar gerði.

Stundum taka hóprefsingar gagnvart ungu fólki á sig ansi þróaða mynd.

Tökum eitt dæmi. Það er átján ára aldurstakmark inn á Þjóðarbókhlöðuna. Það var reyndar ekki við lýði þegar Þjóðarbókhlaðan var opnuð en einhverjum þótti vera læti í unglingum svo sett var sautján ára aldurstakmark sem síðan var einhvern tímann hækkað upp í átján. Já, á Íslandi er ungu fólki bannað á fara inn á bókasöfn. Til að leigja bækur.

Aldurstakmarkið á Þjóðarbókhlöðuna er líklegast ólöglegt. Ekkert er kveðið á um það í lögum um Landsbókasafn sem Alþingi setur eða í reglugerð um Landsbókasafn sem ráðherra gefur út. Það stendur bara sísvona á heimasíðunni og stundum í anddyri safnsins, sérstaklega í prófatíð þegar háskólastúdentar vilja fá frið fyrir yngra fólki.

Einhver hefur bara ákveðið þetta, án sérstakrar heimildar í lögum.

Jafnvel ef það stæði í reglugerð um safnið að fólki yngri en átján ára væri óheimill aðgangur þá er mjög hæpið að slíkt stæðist stjórnarskrá.

Það er nefnilega bannað að mismuna fólki og mismunun vegna aldurs er líka mismunun. Það getur síðan með engu móti talist „málefnaleg“ mismunun að banna ungu fólki að fá lánaða bók á bókasafni vegna þess að einhver hafi verið með læti einhvern tímann. Aldurstakmark á (ef eitthvað er) að setja til að verja ungt fólk fyrir einhverjum hættum. Það á ekki að setja til að verja aðra frá því að þurfa að rekast á ungt fólk.

### Hvernig vorum við?

Tíminn elur mann upp. Ég verð þannig að játa að ég var óvenju stilltur á þessari menningarnótt. Tíu kílómetra hlaupið sat í mér og ég var því kominn heim um fimm (fimm síðdegis). Kannski virkaði þessi hótun Einars því á mig. Nú krossar maður bara fingurna og vonar að aðrir hafi líka verið til friðs. Annars verður menningarnóttin tekin af okkur. Kennarinn sagði það.

> Aldurstakmarkið á Þjóðarbókhlöðuna er líklegast ólöglegt.

# Leikarar í lélegum farsa

Stjórnmál



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

Tuttugu og sjö nýir þingmenn voru kjörnir til setu á Alþingi Íslendinga fyrir röskum þremur árum. Aldrei hafa fleiri nýliðar bæst í hóp þingmanna. Reynslan hefur sýnt, að nokkrir en langt í frá allir úr þessum hópi eru efnilegir – gætu átt eftir að láta mikið að sér kveða efir að hafa aflað sér meiri reynslu og yfirgripsmeiri þekkingar í starfi ásamt því að hafa sýnt fram á fylgi við sig og málflutning sinn í fleiri en einum kosningum.

Þingmennska er nefnilega eins og hvert annað starf. Það krefst þess að aflað sé reynslu og þekkingar og sýnt fram á getu í starfi. Þannig sækir þingmaður sér varanlegan stuðning. Slíkur stuðningur næst ekki í fyrstu tilraun. Þingmaðurinn þarf að sanna sig. Gömlum hundi í pólitík eins og mér þykir með fádæmum þegar fólk, sem setið hefur þrjá vetur á þingi, eða jafnvel aldrei komið þar nálægt, heldur sig vera þess umkomið að taka að sér forystu í stjórnmálaflokki og þar með hugsanlega að þurfa að axla forystuábyrgð fyrir þjóð sína. Messaguttar kalla ekki eftir skipstjórnarsætinu eftir sinn fyrsta túr.

Þó sumir af hinum nýju þingmönnum séu efnilegir og hafi óvænt fengið meiri ábyrgðarstörf en nýliðum eru jafnan fengin er oft sárgrætilegt að hlusta á hve mikið skortir á þekkingu þeirra jafnvel á eigin umfjöllunarefnum þegar þeir mæta spyrlum ljósvakamiðla. Eru þá eins og álfar út úr hól og virðast ekki einu sinni gera sér grein fyrir því sjálfir. Á það jafnt við um suma af mínum samherjum sem aðra og geri ég þar ekki upp á milli. Þegar verst lætur er eins og leikari sé að reyna að leika stjórnmálamann í lélegum farsa – og fari auk þess illa með hlutverkið.

Við Íslendingar eigum mikið af hæfileikaríku fólki – fleiri slíka einstaklinga nú en þegar menn eins og Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson, Matthías Bjarnason, Ólafur Björnsson, Emil Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason, Benedikt Gröndal, Hannibal Valdimarsson, Eysteinn Jónsson, Steingrímur Hermannsson, Lúðvík Jósepsson, Eðvarð Sigurðsson, Björn Jónsson og Magnús Kjartansson settu svip á löggjafarsamkomu okkar og standa mér enn í fersku minni.

Fáir eru þar nú, sem nálgast gætu þeirra samjöfnuð. Að 10-15 einstaklingum undanteknum, sem þar sitja nú, er mér til efs að aðrir eigi þar nokkurt erindi. Hvernig stendur á því? Hvers vegna vilja þeir hæfileikamiklu Íslendingar, sem við eigum, ekki taka að sér að gegna löggjafarstörfum fyrir þjóð sína? Andrúmsloftið á Alþingi skapa alþingismenn sjálfir. Viðhorfið til þeirra skapast af almenningsálitinu. Ætli þeir beri ekki jafna ábyrgð á því hvernig komið er – alþingismennirnir sjálfir og íslenska þjóðin. Í lýðræðisríki fá þjóðir þá eina stjórnmálamenn sem þær velja sér sjálfar. Sagt er að slíkar þjóðir fái þá eina stjórnendur, sem þær eiga skilið. Sé framboðið ekki í stíl við væntingarnar er meira en lítið að.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



65 **ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON** leikskáld og rithöfundur, á afmæli í dag.
*„Það er aldrei nóg af Gauragangi.“*

## Merkisatburðir 24. ágúst

1903 Alþingi samþykkti heimild til að kaupa jarðirnar Vaglir og Hallormsstað til „skógarfriðunar og skógargræðslu“ en þar eru nú stærstu skógar landsins.

1906 Símskeytasamband við útlönd var opnað.

1968 Norræna húsið í Reykjavík var vígt.

1993 Uppþot hófst á Litla-hrauni. Fjörutíu fangar mótmæltu í sólarhring hertum öryggisráðstöfunum vegna tíðra stroka.

2001 Helgi Símonarson lést 105 ára og 345 daga, þá langlífasti íslenski karlmaðurinn.

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EINAR KRISTINN SIGURÐSSON**

lést sunnudaginn 5. ágúst í Holtsbúð, Vífilsstöðum Garðabæ. Bálför hefur farið fram.

**Anna Kristjánsdóttir**
**Guðrún Einarsdóttir** **Marta Hildur Richter**
**Sigurður Einarsson** **Þórhildur Bjarnadóttir**
**Kristján Ari Einarsson** **Jóhanna Ingvarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**KRISTÍN JÓHANNSDÓTTIR**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 20.08.2012.

**Sigurjón Kristjánsson** **Bryndís Guðmundsdóttir**
**Kristín Björk Kristjánsdóttir**
**Kristján Davíð Sigurjónsson**
**Brynjar Vignir Sigurjónsson**
**Aðalbjörg Kristín Sigurjónsdóttir**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ORMUR ÓLAFSSON**
**Safamýri 54,**

lést á Hrafnistu Reykjavík að morgni 22. ágúst.

**Alfa Guðmundsdóttir**
**Ólafur Ormsson**
**Ágúst Þór Ormsson** **Ingibjörg Kristinsdóttir**
**Gunnlaugur Óskar Ágústsson** **Anna Heiður Heiðarsdóttir**
**Sveinn Fjalar Ágústsson** **Jóna Rún Gísladóttir**
**Sverrir Rafn Ágústsson** **Hrefna Fanney Matthíasdóttir**
**Freyja Ágústsdóttir**
**og langafabörn.**

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**HERMÍNA ÞORVALDSDÓTTIR**
**Goðabraut 16, Dalvík,**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 18. ágúst. Útför hennar fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 25. ágúst kl. 13.30.

**Hörður Sigfússon**
**Valur Harðarson** **Sigrún Friðriksdóttir**
**Ásgerður Harðardóttir** **Gunnþór Eyfjörð Sveinbjörnsson**
**Sigríður Harðardóttir** **Jón Sigurgeirsson**
**Leifur Kristinn Harðarson** **Steinunn Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN ÁRNI HARALDSSON**
**Hringbraut 2b, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum Landakoti þriðjudaginn 21. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 31. ágúst kl. 15.00.

**Sigurlaug Líndal Karlsdóttir**
**Kristín Líndal Hafsteinsdóttir** **Hörður Oddgeirsson**
**Karlotta Líndal Hafsteinsdóttir** **Sigurður Friðfinnsson**
**Guðmundur Örn Jónsson** **Edith Poikane**
**Guðbjörg Jónsdóttir** **Hallgrímur Atlason**
**Grétar Jónsson** **Sigrún Jónsdóttir**
**Rúnar Haraldur Jónsson**
**barnabörn og langafabörn.**





**LISTAHÁTÍÐIN OFBOÐ** Atli heldur upp á afmæli sitt í fyrsta sinn og býður öllum sem vilja gleðjast með honum á listahátíðina Ofboð í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ATLI INGÓLFSSON: HELDUR UPP Á FIMMTUGSALDURINN MEÐ LISTAHÁTÍÐ

# Fagnar afmæli í fyrsta sinn

„Í sannleika sagt upplifi ég lífið ekki sem röð tímamóta heldur sem eitt streymi. Þess vegna hef ég aldrei haldið upp á afmælið mitt en núna er ég að brjóta regluna því ég held að það sé ágætt að halda upp á fimmtíu og hundrað ára afmælin fyrir vini til að vera ekki fúll,“ segir tónskáldið Atli Ingólfsson. Hann varð fimmtugur þann 21. ágúst síðastliðinn og býður í opið hús í kvöld í Norðurpólnum.

„Ég kalla þessa uppákomu listahátíðina Ofboð þar sem ég vildi bjóða öllum sem vilja gleðjast með mér,“ segir hann. Á fjölskrúðugri dagskránni verða útsetningar og tónverk eftir skáldið í bland við óvæntar uppákomur. „Það verða leiknar eldgamlar útsetningar síðan ég var tuttugu og fimm ára og listakonan Jeannette Castioni frumsýnir myndbandsverk sem hún gerði við tónverk eftir mig,“ segir hann og á við verkið Elsku Borga mín, sem kórinn Hljómeyki flutti í Skálholti 2009. „Síðan veit ég ekki meir. Það er það skemmtilega við þetta. En ég veit að það verður opin dagskrá fyrir þá sem vilja troða upp og nokkrir hafa skráð sig,“ segir hann kátur og bætir við að viðburðarstjórn sé í höndum Bergljótar Haraldsdóttur.

> „Ég held að það sé ágætt að halda upp á fimmtíu og hundrað ára afmælin.“

Þessa stundina er Atli við smíð á píanókonsert fyrir hinn margrómaða Víking Heiðar Ólafsson meðal annarra verkefna. Hann segir það vera mikil forréttindi að vinna sem tónskáld. „Jú, það er það skemmtilegasta sem ég geri og ég er ótrúlega þakklátur fyrir það. Ég veit ekki hvernig á því stendur að ég er svona lánsamur.“

Atli hefur komið víða að á feril sínum. Hann hóf nám í tónsmíðum við Tónlistarskólann í Reykjavík og lagði svo land undir fót. „Ég flutti til Mílanó árið 1985 og þremur árum síðar til Parísar. Ég flutti heim árið 2005 og hafði þá búið lengst af í Bologna á Ítalíu.“ Þar nam tónskáldið fag sitt og hefur frá námslokum árið 1990 haft lifibrauð af tónlistinni. „Ég var svo lánsamur að lifa á tónsmíðum í fimmtán ár eftir útskrift og á Íslandi hef ég kennt meðfram við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskóla Kópavogs,“ segir hann. Úti vann hann eftir pöntunum og var alltaf með eitthvað á prjónunum frá Frakklandi, Svíþjóð og Þýskalandi. „Stór hluti verkefnanna var samt alltaf frá Íslandi.“

Aðspurður hvort hann sé klassískt tónskáld segir hann erfitt að skilgreina þá stefnu en klassíski tíminn var á átjándu öld. „Ég svara samt yfirleitt þessari spurningu á þá leið að ég geri hljóðskúlptúra en ekki söluvænlega tónlist.“ Þannig höfðar hann til lítilla hópa víðs vegar. „Ég sel ekki tíu þúsund eintök af disk á einum stað heldur bara nokkra tugi á mörgum stöðum í heiminum,“ segir hann. Öllum er velkomið að samgleðjast með honum frá klukkan hálf átta í kvöld að Sefgörðum 3 og segir hann hinn heimsfræga plötusnúð Stephan Stephensen leika lokatóna kvöldsins.

hallfridur@frettabladid.is

# Aríur á afmælistónleikum



Alda Ingibergsdóttir sópransöngkona fagnar hálfrar aldar afmæli í dag með tónleikum í Hafnarborg í Hafnarfirði. Þar flytur hún allar sínar uppáhaldsperlur með dætrum sínum Ásdísi og Lindu Guðmundsdætrum og Hauki Steinbergssyni tenór. Um undirleik sjá píanóleikararnir Helga Bryndís Magnúsdóttir og Aðalheiður Þorsteinsdóttir og Greta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari. „Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar ætlar svo að dansa fyrir mig,“ segir hún glöð.

Hún kveðst ekki hafa skipulagt margt annað fyrir sjálfan afmælisdaginn. „Ég ætla ekki að gera neitt annað. Ég hef allavega ekki hugsað út í það. Vikan hefur öll farið í að græja þetta en ég verð með teiti heima eftir tónleikana fyrir vini og fjölskyldu,“ segir Alda sem syngur stórar aríur og íslenskar perlur frá klukkan hálf níu í kvöld. Aðgangseyrir er krónur 2.500 og rennur allur ágóði til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**MARINÓS SIGURBJÖRNSSONAR**
**Heiðarvegi 12, Reyðarfirði.**

**Margrét Einarsdóttir**
**Steinunn Marinósdóttir** **Sigurður V. Benjamínsson**
**Einar Marinósson** **Ólafía K. Kristjánsdóttir**
**Sigurbjörn Marinósson** **Sigríður St. Ólafsdóttir**
**Marinó Már Marinósson** **Sigríður Lísa Geirsdóttir**
**Guðný Soffía Marinósdóttir** **Haraldur Kr. Haraldsson**
**Gauti Arnar Marinósson** **Hulda Sverrisdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

†



Elsku sonur okkar, bróðir, mágur, barnabarn og frændi,

**ÓLAFUR GAUTI ÓLAFSSON**
**Þorláksgeisla 12, Reykjavík,**

lést þriðjudaginn 21. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 31. ágúst kl. 13.00.

**Ólafur Steinþórsson** **Sjöfn Sigbjörnsdóttir**
**Reynir Logi Ólafsson** **Eydís Eir Björnsdóttir**
**Steinþór Örn Ólafsson**
**Kristín Birna Ólafsdóttir** **Mark Johnson**
**Sigbjörn Brynjólfsson** **Kristín Jónsdóttir**
**Sólveig Aðalbjarnardóttir**
**Agnes Sjöfn, Hrafnkell Logi og William Rökkvi**



## UPPSKERA Í GRASAGARÐINUM

**Árleg uppskeruhátíð Grasagarðsins fer fram á morgun milli klukkan 13-15. Fræðsla verður um mat- og kryddjurtir. Opið er í Café Flóru þar sem Marentza Paulsen býður upp á holla grænmetisrétti. Veitingahúsið verður opið fram í október svo hægt sé að njóta haustdýrðar í garðinum.**

FINLUX
32" LCD SJÓNVARP



**Einfalt en vandað 32" Finlux sjónvarp með stafrænum DVBT móttakara, USB tengi og innbyggðum margmiðlunarspilara.**

**Innbyggður margmiðlunarspilari**
Tækið er búið margmiðlunarviðmóti og USB tengi, þannig að hægt er að tengja USB lykil eða flakkara við tækið og horfa á ljósmyndir og kvikmyndir. Styður öll helstu snið, t.d. DivX, MKV, MP3 og JPG.

**Vel tengjum búið**
Tækið er með öllum helstu tengimöguleikum sem þarf í dag, 2xHDMI, Scart, VGA, Audio In, heyrnartólstengi og USB tengi þannig að ekkert mál er að tengja leikjatölvur, heimabíó, heyrnartól og margt fleira við tækið.

**Góð myndgæði**
Tækið er með vönduðum LCD skjá með 1366x768 punkta upplausn og 5ms svartíma með progressive scan sem gefur skarpa og góða mynd.

**CI kortarauf**
Tækið er með innbyggðri CI kortarauf þannig að þeir sem eru með Digital Ísland frá Vodafone geta losnað við afruglarann frá Vodafone Digital Ísland og fá CA tengi sem er smellt í tækið.

DVB T
USB
HDMI

**Finlux 32FLX905U**
**69.990**

**Sjónvarpsmiðstöðin**
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpsskokkurinn Kristján Hlöðversson í þáttunum Eldað með Holta á ÍNN gefur kjúklingauppskriftir alla föstudaga. Í dag er hann með kjúklingabita í barbecue-sósu með hvítkálssalati og steiktum kartöfluskífum.*

Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka rétti úr Holta-kjúklingi frá Reykjagarði. Á föstudögum birtast þessar uppskriftir hér á forsíðu Fólks. Í dag er Kristján með uppskrift að barbecue-kjúklingabitum með hvítkálssalati og steiktum kartöfluskífum með sérlagaðri jógúrt chili-sósu. Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN.

Þættirnir eru endursýndir yfir helgina en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.



## KJÚKLINGABITAR Í BBQ
### MEÐ HVÍTKÁLSSALATI OG STEIKTUM KARTÖFLUSKÍFUM

**KJÚKLINGUR OG BBQ-SÓSA**
2 heilir Holta kjúklingar
McCormick barbecuekrydd
Olía

Hlutið kjúklingana í bita, penslið með olíu, kryddið og grillið.

**BARBECUE-SÓSA**
1 flaska Heinz chili-tómatsósa
3-4 msk. hunangssíróp
3-4 msk. síróp
2 tsk. McCormick mesquite-krydd
1 msk. olía

Blandið öllu saman. Veltið kjúklingabitunum upp úr sósunni um leið og þeir eru teknir af grillinu.

**HVÍTKÁLSSALAT**
1 hvítkálshaus, þunnt skorinn
4 gulrætur, þunnt skornar
2 eggjarauður
150 ml olía
2 msk. síróp
1 tsk. edik

Þeytið eggjarauðurnar, blandið olíunni varlega saman við, því næst sírópi og ediki. Bætið grænmetinu við.

**STEIKTAR KARTÖFLUSKÍFUR**
Skerið nýjar íslenskar kartöflur í skífur. Setjið olíu yfir og kryddið með salti. Steikist í ofni við 180 gráður í 30 mín.

**JÓGÚRT CHILI-SÓSA**
200 ml grískt jógúrt
1 msk. Worcestershire-sósa
4 msk. Heinz chili-tómatsósa
2 msk. sætt sinnep
Blandið öllu saman

Njótið þess sem Guð gefur og góða helgi.

Annie Mist mælir með heilsuréttunum frá Nings

Annie Mist heimsmeistari í Crossfit 2011 og 2012 veit að til að ná árangri skiptir mataræði öllu máli.

NINGS

Uppáhalds réttur Anniear er Tröllatrefjar.

Trölla trefjar



EKKERT salt
ENGINN sykur

| Næringargildi í 100g: | |
|---|---|
| Orka | 448 kJ / 107 kkal |
| Fita | 1,4g |
| þar af mett. fitusýrur | 0,7g |
| Kolvetni | 10,2g |
| Trefjar | 1,1g |
| Prótein | 10,8g |

TRANS FITA
MSG



Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is



## FJARSKABLÁTT

**KRISTÍN SIGFRÍÐUR SÝNIR Í KIRSUBERJATRÉNU**

**Sýningunni Fjarskablátt í Kirsuberjatrénu Vesturgötu 4 lýkur á mánudag.**
**Á sýningunni sýnir Kristín Sigfríður Garðarsdóttir keramikhönnuður teikningar ásamt verkum úr postulíni og leir sem unnin eru í gasbrennslu og í hefðbundnum japönskum anagama-ofnum. Verkin vann Kristín meðan hún dvaldi í Japan við The Shigaraki Ceramic Cultural Park á síðasta ári.**
**Opið er í Kirsuberjatrénu frá klukkan 10 til 18 virka daga og milli kukkan 11 og 17 um helgar.**


Ljósmyndanámskeið
Lærðu á vélina þína og taktu enn betri myndir

Fjölbreytt námskeið, m.a: Photoshop, Lightroom, stúdíó, myndatökur, myndasala ofl.
ljosmyndari.is
Stangarhylur 7, Reykjavík

Gæti heimsóknavinur gefið lífinu meiri lit?

Heimsóknavinir eru sjálfboðaliðar á ýmsum aldri sem rjúfa einsemd og félagslega einangrun fólks með heimsóknum á einkaheimili og stofnanir. Heimsóknavinir veita félagsskap og hlýju m.a. með því að spjalla, lesa fyrir viðkomandi eða fara í gönguferðir.

Ef þú eða einhver sem þú þekkir, hefur áhuga á að gerast gestgjafi og njóta samveru með heimsóknavini Rauða krossins hafðu samband við okkur.

Ef þú vilt gerast heimsóknavinur og heimsækja aðra hafðu einnig samband við okkur.

Hægt er að hafa samband við Rauðakrosshúsið í Kópavogi í síma 554 6626 eða með tölvupósti á kopavogur@redcross.is.

Rauði krossinn Kópavogi

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 9-15
sími 554 6626 • kopavogur@redcross.is • www.redcross.is/kopavogur




# UPPGANGUR Í VÍNFRAMLEIÐSLU

**ÍSLENSKT HRÁEFNI** *Snorri Jónsson eigandi 64° Reykjavík Distillery stendur í ströngu þessa dagana. Uppskerutími berja er um þessar mundir, glænýtt húsnæði var nýlega tekið í notkun og nýr eimunarpottur settur upp.*

Reykjavík Distillery framleiðir nokkrar tegundir af víni. Þar á meðal líkjöra unna að hluta til úr íslenskum rabarbara, krækiberjum og bláberjum, og svo ákavítissnafsa og einiberjasnafs. „Við erum með fólk í hráefnatínslu víða um land. Oft gerist það að brestur verður í uppskerunni á einum stað meðan hún er í lagi á öðrum. Við erum því með góðan hóp af öllum hornum landsins í tínslunni. Ætli við tínum ekki um það bil tonn af hverjum ávexti fyrir sig,“ segir Snorri. Berin eru svo unnin á mismunandi vegu eftir því hvaða víntegund þau eru notuð í. „Það er mismunandi hvernig safinn er fenginn úr berjunum. Sum eru soðin en önnur eru kaldpressuð.“

Snorri vill lítið gefa upp um vinnsluaðferðirnar, enda voru þær upplýsingar ekki fengnar gefins og því um dýrmætt viðskiptaleyndarmál að ræða. „Gríðarlega margar prufur liggja að baki hverri tegund sem við framleiðum í dag. Til dæmis gerðum við þrettán uppskriftir að bláberjalíkjörnum áður en við duttum niður á þá sem við framleiðum í dag.“ Nýlega var nýr og glæsilegur eimunarpottur frá Þýskalandi tekinn í notkun. „Potturinn er smíðaður eftir aldagamalli hefð með margbreytileika í huga. Þegar við gerum ákavítissnafsana byrjum við að gera hreinan vodka og í lokabrennslunni eru jurtirnar settar út í. Ferskt kúmen og hvannarrótarfræ er svo látið liggja í vökvanum um tíma. Hann er svo brenndur einu sinni enn og þá fæst bragðið af jurtunum með.“

Á næstunni verður hugað að frekari framleiðslu og vonast Snorri til að geta tekið á móti gestum í brugghúsið í framtíðinni. „Við áætlum að geta boðið minni hópa velkomna til okkar í smökkun og skoðun. En væntanlega verður það ekki fyrr en á næsta ári.“

**vidir@365.is**

**BERIN KLÁR Í VÍNIÐ**
Snorri skálar við Tryggva Mathiesen í nýju húsnæði Reykjavík Distillery. Berjauppskeran á borðinu, tilbúin fyrir vín ársins 2012.
MYND/GVA

# HÚLADANS FRÁ HAVAÍ

*Marina Celander kennir alvöru húladans í Kramhúsinu um helgina.*

Um helgina verður námskeið í húladansi frá Havaí í Kramhúsinu. Marina Celander, gestakennari frá New York, er komin til landsins, en dansinn hefur ekki verið kenndur hér á landi fyrr. Farið verður yfir grunnatriði dansins og sögu hans.

**SÉRFRÆÐINGUR Í HÚLADANSI**
Hrefna Hallgrímsdóttir leikkona hafði frumkvæðið að því að bjóða Marinu til landsins. „Ég kynntist havaískum húladansi í leiklistarnámi mínu í Bandaríkjunum. Þá tók ég dansinn sem valfag og fannst það æðislegt. Við Marina kynntumst svo í New York, en hún er algjör sérfræðingur í þessum dansi,“ segir Hrefna og bætir við: „Margir rugla saman húladansi og því að húla með húlahring. Það er auðvitað ekki sami hluturinn.“

Marina Celander er ættuð frá Svíþjóð og Kóreu. Síðastliðin tólf ár hefur hún tileinkað sér húladansformið. „Hún hefur alltaf verið dansari og svo hefur hún asískar rætur og er gift manni frá Havaí. Þegar hún kynntist húladansinum kolféll hún fyrir honum,“ útskýrir Hrefna. „Þetta er svo miklu stærri heimur en við gerum okkur grein fyrir.“

**TJÁNING OG TÚLKUN**
Þeir sem dansa húladans segja sögu með dansinum. „Söngur er mikilvægur og textinn er túlkaður með hreyfingunum. Þetta er hálfgert tákn með tali,“ segir Hrefna hlæjandi. „Heilinn er alveg á fullu allan tímann, en allir geta dansað þennan dans.“

Marina og Hrefna vonast til að sjá sem flesta á námskeiðinu. „Þetta er frábært tækifæri til að öðlast algjörlega nýja reynslu og kynnast öðrum heimi.“

Hægt verður að skrá sig á námskeiðið alveg fram á síðustu stundu eða meðan rúm leyfir, en pláss er fyrir tuttugu nemendur á námskeiðinu.

**halla@365.is**



**OPNAR NÝJAN HEIM**
Marina er spennt að kynna Íslendingum heim húladansins og vonast til að sjá sem flesta um helgina í Kramhúsinu.


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

24. ÁGÚST 2012

# Lífið



ÍRIS TELMA RIFJAR UPP MISS WORLD

TÍNDU BER, BORÐAÐU OG NJÓTTU

KATRÍN BRYNJA LOTTÓÞULA Á LAUSU

## SVELGDIST Á VIÐ BÓNORÐIÐ

EIVÖR PÁLSDÓTTIR UM BRÚÐKAUPIÐ, TÓNLISTINA OG TENGSL HENNAR VIÐ ÍSLAND

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Stuðið var á **Marina hótelinu** um síðustu helgi sem virðist vera heitasti bar bæjarins þegar fræga fólkið gerir sér dagamun. Þar var Steinunn Vala skartgripahönnuður, Elín Reynisdóttir stjörnusminka og eiginmaður hennar Már Ormarsson sem starfar í Dubai. Þá mátti sjá Frank Pitt athafnamann, Lilju Nótt leikkonu, Arnar og Bjarka Gunnlaugssyni fótboltasnillinga, **Björk Eiðsdóttur** ritstjóra og **Svönu Friðriksdóttur** upplýsingafulltrúa Wow-flugfélagsins, Tobbu Marínós og unnusta hennar Karl Sigurðsson Baggalútsmeðlim skemmta sér þetta líka stórvel.








Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Sem Johnson
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid







Hér má sjá aðeins brot af þeim frábæru listamönnum sem fram koma á minningartónleikunum Sjonna þann 29. ágúst í Borgarleikhúsinu.

# SÍÐASTA LAGIÐ SEM SJONNI SAMDI

**Sjonni eins og við minnumst hans hefði orðið 38 ára næstkomandi miðvikudag, þann 29. ágúst. Að því tilefni ákvað Þórunn Clausen ásamt fjölskyldunni allri að halda minningartónleika fyrir hann í Borgarleikhúsinu.**

Sjonni var frábær tónlistarmaður, lagahöfundur og söngvari og eftir hann liggja mörg yndisleg, kraftmikil og grípandi lög.

„Sjonni var svo hjartahlýr og vinamargur, alltaf brosandi og til í að rétta öðrum hjálparhönd og nú þegar við höfum hann ekki hjá okkur, þá finnum við fyrir honum í tónlistinni hans.“



### Tónlistarveisla

Nú hafa vinir hans og tónlistarfólk sem hann starfaði með í gegnum tíðina flykkst saman og ætla að flytja lögin hans á tónleikunum. Meðal þeirra eru Björgvin Halldórsson, Jógvan, Pálmi Sigurhjartarson, en hann er jafnframt hljómsveitarstjóri, Hreimur Örn, Magni, Stefán Hilmarsson, Vignir Snær, Gunni Óla, Matti Matt, Soffía Karls, Guðrún Árný, Erna Hrönn, Bjarni Ara, Benni Brynleifs, Róbert Þórhalls og fleiri.

„Ég held að það verði einstaklega mikið hjarta í þessum sal þetta kvöld. Það hefur tekið á að undirbúa þetta og það er ljúfsárt að hlusta á lögin hans og röddina hans og það hvað við höfum öll misst mikið verður svo raunverulegt. En hann skildi eftir sig gjafir til okkar allra með tónlistinni sinni.“

### Fann lagið í sorginni

Í tilefni af tónleikunum dreif Þórunn sig í að klára síðasta lagið sem Sjonni samdi áður en hann lést.

„Í desember á síðasta ári, í kjölfar sérstaklega erfiðs tíma hjá mér í sorginni þar sem ég þráði svo heitt að geta heyrt eitthvað frá honum, gerðist svolítið einkennilegt. Ég opnaði tölvuna og allt í einu var opið þar upptökuforrit og demo af síðasta laginu sem hann samdi og var að vinna að þegar hann lést. Textinn var ókláraður en samt sem áður heyrist hann syngja línur sem voru eins og svar við spurningum mínum. Ég er nú búin að klára textann og reyndi að nota eins mikið af því sem hann var að syngja og ég gat og ætla að gefa út lagið en hans rödd mun hljóma með í laginu.

### Þakklát öllum sem koma fram

Þetta er yndislegt lag og ég hlakka til að leyfa fólki að heyra það. En Vignir Snær er að vinna lagið með mér ásamt Vinum Sjonna sem sjá um hljóðfæraleik, undirspil og bakraddir.

Nú eru æfingar á fullu fyrir tónleikana og ég er svo þakklát öllum sem eru að koma fram og heiðra minningu hans á þennan hátt. Ágóði af tónleikunum mun síðan renna í Áfram, hvatningarsjóðinn sem stofnaður var fyrir börnin hans Sjonna fjögur,“ segir Þórunn að lokum.




SOHO MARKET

Útsölunni lýkur Verðsprengja

Aðeins 5 verð
• 1.000,-
• 1.500,-
• 2.000,-
• 2.500,-
• 3.000,-

ALLT Á AÐ SELJAST
komdu og gerðu frábær kaup

SOHO MARKET
Grensásvegur 8, sími 553 7300
Opið mán–fös 12–18 og laugd 12–17
SOHO/MARKET Á FACEBOOK


# HOLLYWOODSTJARNA MYNDAR ÍSLAND

**Ben Stiller, sem hefur gert það gott í Hollywood sem leikari, er staddur hér á landi í leit að hentugum tökustað fyrir væntanlega kvikmynd ásamt starfsfólki True North. Ben er duglegur að mynda nánast allt sem verður á vegi hans sem hann birtir síðan á Instagram-myndasíðunni sinni eins og sjá má hér.**




Þarna er fylgdarlið stjörnunnar að finna hentugan tökustað.



Ben kann að meta íslenska náttúru, það skín í gegn á myndunum hans.



Ben flaug með flugfélaginu Erni og myndaði flugvélina og auðvitað flugmanninn.





Mikið rétt, Ben myndaði kortið líka.

Við þessa mynd skrifaði Ben: „Possible location for the movie … must not fall off edge though“ sem þýðist á íslensku: Mögulegur tökustaður fyrir myndina … má samt ekki detta af syllunni.




Jazz leðursófi áður kr. 321.000 nú kr. 239.900




Shabby chic leðursófi kr. 377.800 nú kr. 299.900
Woodpoint sófaborð áður kr. 43.900 nú kr. 32.900




Fama sófi áður kr. 254.400 nú kr. 199.900




Bordeaux eikarskápur áður kr. 206.800
nú kr. 166.400

# ÚTSALA

TAKMARKAÐ MAGN AF HVERRI VÖRU




Puzzle svefnsófi 120x200
áður kr. 119.800 nú kr. 95.800




Springfield 3ja sæta sófi
áður kr. 231.900 nú kr. 162.300




Coffee sófi 378x244 áður kr. 542.300 nú kr. 379.600




Vintage púðar áður kr. 8.900 nú kr. 4.450

# LÍNAN

Bæjarlind 16 I 201 Kópavogur I sími 553 7100 I linan.is
Opið mánudaga til föstudaga 12 - 18 I laugardaga 11 - 16

# Í DJÚSINN, SULTUNA, BAKSTURINN EÐA BARA BEINT Í MUNNINN



**Það er óhætt að segja að berjatíðin sé byrjuð og ef marka má árangur flestra úr berjamó þessa dagana virðist uppskeran þetta árið vera einstaklega góð. Það er eitt og annað sem má gera úr þessari hollustu auk þess að gæða sér á henni beint úr móanum.**

### Bláberjamúffur

Ef þú átt það helsta í bökunarskúffunni og nokkur fersk bláber þá eru bláberjamúffur málið.
1 bolli mjólk
¼ bolli jurtaolía
½ tsk. vanilludropar
1 egg
2 bollar hveiti
1/3 bolli sykur
3 tsk. lyftiduft
½ tsk. salt
1 bolli fersk bláber

Stillið ofninn á 200°C. Hrærið saman mjólkinni, olíunni, vanillu og eggjunum. Hrærið svo saman við hveitinu, sykrinum, lyftiduftinu og saltinu.
Hellið svo bláberjunum út í og setjið svo deigið í muffinsform.
Bakið í 20-25 mínútur eða þar til þau verða gullinbrún.

### Bláberjasulta

1 kg bláber
1 kg sykur (eða 800 g)

Blandið saman og sjóðið varlega í 10 mínútur. Setjið í hreinar krukkur.

### Frosin ber

Bláber (eða hvaða ber sem er) eru lögð í plastglas, vatni hellt yfir svo yfir fljóti. Lokað með plastfólíu og sett í frysti. Þannig geymast berin „fersk“ langt fram á næsta ár. Einnig hægt að setja þau í litla samlokupoka og hella vatni með og binda þétt fyrir með bandi.


Hægt er að nota bláberin beint út á salatið.

### Þurrkuð ber

Bláberjum (eða hvaða berjum sem er, þó ekki mjög stórum og safaríkum) er sturtað í ofnskúffu sem búið er að leggja bökunarpappír á. Sett í ofn og þurrkuð við 50°C í nokkra klukkutíma, ágætt að hafa ofninn örlítið opinn af og til svo rakinn fari út. Ágætt að snúa nokkrum sinnum en ekki nauðsynlegt.
Berin þorna og verða „þurrkuð ber“, þvílíkt lostæti, og geymast allt árið.

### Krækiberjahlaup

1 kg krækiber
750 g sykur
2 tsk. sultuhleypir + 2 msk. sykur

Setjið berin í pott ásamt helmingi sykurs og sjóðið við hægan hita í 10 mínútur. Takið þá pottinn af hellunni og kælið örlítið. Setjið það sem eftir er af sykrinum út í og sjóðið í 5 mínútur. Blandið saman sultuhleypi og 2 msk. af sykri; setjið í sigti og stráið yfir sjóðandi sultuna.
Hrærið vel í. Setjið hlaupið sjóðandi heitt í frekar litlar krukkur og hellið þær fullar. Skrúfið lokið strax á.

### Krækiberjasaft

3 kg krækiber
2 lítrar vatn
40 g vínsýra
250-500 g sykur í hvern lítra af safa

Hreinsið og skolið berin ef þess gerist þörf. Hakkið þau eða merjið í berjapressu. Leysið vínsýruna upp í vatninu og blandið upplausninni í berjamaukið.
Látið standa í 24 tíma. Hellið á síu og látið saftina síast vel frá hratinu. Mælið saftina og blandið sykrinum saman við hana. Hrærið í þar til sykurinn er runninn. Hellið saftinni á hreinar og soðnar flöskur og lokið þeim strax.
Geymið saftina á köldum og helst dimmum stað.

### Krækiberja-chutney

600 g krækiber
1 rauðlaukur, saxaður
2½ cm bútur af engiferrót, rifinn
1 hvítlauksgeiri, saxaður
1-2 epli, afhýdd og söxuð
1 dl vínedik
2½ dl púðursykur
1 tsk. sinnepsfræ
½ tsk. salt
1 dl rúsínur

Setjið allt í pott og látið malla við vægan hita í 20-25 mín. Hrærið í af og til. Hellið í hreinar krukkur.



## Hollustudjús

**Hollustukokkurinn Ebba Guðný deildi þessum dásamlega hollustudjús úr nýtíndum berjum með facebookvinum sínum á dögunum;**

3 lúkur krækiber,
½ gúrka, 1 lime,
mynta eftir smekk
Um það bil 1 1/2 bolli af vatni.

Öllu skellt í blandarann og sigtað í gegnum spírupoka (muna að sjóða hann í neti við og við með handklæðum, á milli skola ég hann vel og læt þorna vel.)


Söngskólinn í Reykjavík

SÖNGNÁMSKEIÐ

Fyrsta 7 vikna námskeið vetrarins hefst 3. september

- **Fyrir fólk á öllum aldri:**
  *Sem undirbúningur fyrir frekara söngnám eða tómstundagaman fyrir söngáhugafólk*
- **Kennslutímar:**
  *Morguntímar / Síðdegistímar / Kvöldtímar*
- **Söngtækni:**
  *Raddbeiting / Túlkun / Einsöngur / Raddaður söngur*
- **Tónmennt:**
  *Tónfræði / Tónheyrnarþjálfun / Nótnalestur*

Allir geta fundið eitthvað fræðandi og skemmtilegt við sitt hæfi!
Hvert námskeið stendur í 7 vikur / 14 vikum lýkur með prófumsögn og tónleikum.

• www.songskolinn.is
Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans að Snorrabraut 54, sími 552-7366 kl. 10-16 alla virka daga




## MIKILVÆGASTA MÁLTÍÐ DAGSINS



**Solla Eiríks á Gló** er einn ig dugleg að deila flottum og hollum uppskriftum og fróðleik með sínum vinum og aðdáendum. Mikið chia-fræ æði ríkir nú hér á landi enda um ofurfæðu að ræða og því ættu flestir að tileinka sér þá hollustu. Solla deildi þessi dásamlega graut á dögunum en hann inniheldur einmitt bæði chia-fræ og bláber.

### Chia-grautur dagsins

chia-fræ
möndlumjólk
hampfræ
kakónibbur
tröllahafrar
bláber
smá vanilla + ÁST

Leggið allt í bleyti annaðhvort kvöldið áður (og látið standa inni í ísskáp) eða um morguninn.

# FULLT AF NÝJUM HÚSGÖGNUM






Svefnsófi 3 litir
Rauður, fjólublár og grár

ÁÐUR 129.900.-
**NÚ 79.900.-**

## 3 FYRIR 2
AF KERTUM





## PIVOINE
HÚSGAGNALÍNAN



## MANDARIN

## RAMMAR



5.990.-



1.290.-



1.190.-

## MIKIÐ ÚRVAL AF STÓLUM



79.900.-

109.900.-

49.900.-

the PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# HÉLT RISA BRÚÐKAUPSVEISLU Í FÆRE

**Færeyska söngkonan Eivör Pálsdóttir hefur í nægu að snúast þessa dagana. Hún giftist ástinni sinni í sumar, gaf út plötu í vikunni og undirbýr tónleika viku. Söngkonan gaf sér tíma til að ræða bónorðið, brúðkaupið og fleira forvitnilegt með sínum yndislega færeyska hreim.**

**EIVÖR PÁLSDÓTTIR**
**ALDUR:** 29 ára
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Gift
**UPPHAFSSÍÐAN:** www.Eivor.com
**ÁHUGAMÁL:** Tónlist, myndlist, matargerð, vinir og fjölskylda og góðar bækur.

## Giftist tónskáldi

***Nýverið giftist þú ástinni þinni. Hver er sá heppni og hvernig var brúðkaupið?***

Maðurinn minn er bestur í heimi og heitir Tróndur Bogason. Hann er tónskáld og yndisleg persóna. Við giftum okkur í sumar heima í Færeyjum og héldum risa veislu. Giftingin fór fram í Götukirkju og var henni fylgt eftir með móttöku á heimili móður minnar, en síðan haldið til Þórshafnar þar sem aðalveislan var haldin.

## Brúðkaupið var þriggja daga veisla

Þar hafði mamma skreytt þrjú hundruð manna veislusal með eigin skreytingum og þar buðum við upp á ítalskt hlaðborð og auðvitað færeyskan dans fram undir morgun. Hefð er fyrir því að kalla alla gestina aftur í brúðarhús næsta dag. Það gerði tengdamóðir mín í sínu húsi. Þar var boðið upp á dæmigert færeyskt hlaðborð með söng og dansi fram á morgun. Það má segja að þetta hafi verið þriggja daga veisla, því á föstudeginum fyrir giftinguna var öllum aðkomnum gestum boðið í siglingu fram á kvöld með veisluföngum.

## Eivör hannaði kjólinn

Kjólinn hannaði ég ásamt íslenskri stúlku sem heitir Rakel Sólrós og færeyskri saumakonu, Frígerð Lökjá, sem saumaði hann. Það voru ýmsar óvæntar uppákomur með tónlist og fallegum ræðum í veislunni og við erum enn þá að upplifa tilfinningarnar frá þessum degi.

***Viltu deila með okkur hvernig Tróndur bað um hönd þína?***

Það var ekki stórt „setup“ eins og maður sér í bíómyndum. Það var í rólegheitum heima hjá okkur við morgunverðarborðið. Ég held reyndar að mér hafi svelgst á ommelettunni þegar hann spurði mig hvort ég vildi giftast sér. Það kom mér algjörlega á óvart.

***Hvað var það sem heillaði þig við hann?***

Maðurinn minn er mjög yfirvegaður og rólegur. Hann talar ekki hátt, né öskrar og er ekki á fleygiferð út um allt eins og ég. Hann er sérlega góður í að jafnvægisstilla mig og svo er hann líka alveg magnaður tónlistarmaður. Hans máti að líta á heiminn og lífið heillar mig og ég verð ástfangin af honum aftur og aftur.

***Barneignir – langar þig að verða mamma?***

Tróndur á sex ára gamla dóttur þannig að ég er stjúpmóðir. Það er góð byrjun og æfing í að ala upp barn. Ég hef ekki ákveðið hvenær og hvort ég vil eignast barn. Því verður lífið að stjórna.

***En ef við ræðum aðeins um tengsl þín við Ísland?***

Þegar ég flutti til Íslands sautján ára gömul, varð ég strax ástfangin af fólkinu, menningunni og náttúrunni. Mér fannst ég á einhvern hátt vera komin heim til mín. Ísland er mjög líkt Færeyjum, með heldur meira plássi til að hreyfa sig í og vera út af fyrir sig. Mér finnst Íslendingar opið og yndislegt fólk og ég á marga vini þar.

Ég sakna þess enn þá að búa ekki í Reykjavík og á þann draum, að búa þar einhvern tíma aftur. Í hjarta mínu mun ég alltaf líta á Ísland sem mitt annað heimili.

## Tengir sig sterkt við Ísland

***Áttu uppáhaldsstað á Íslandi?*** Langholtsvegur 139 heima hjá Ólöfu og Jónsa er yndislegur staður. Það er heimilið mitt á Íslandi og þar finn ég einhverja sérstaka ró. Svo eru margir sérstaklega fallegir staðir og þar má nefna Mývatn sem er einn af uppáhaldsstöðunum. Ég á eftir að fara í jeppaferð um allt Ísland og í það verð ég fljótlega að taka mér tíma.

## Ný plata komin út

***Nú varstu að gefa út plötuna Room. Hvað er fram undan hjá þér í tónlistinni?*** Ég var að ljúka við hljómdisk, sem ég hef verið að vinna að í sirka tvö ár samfellt og það er góð tilfinning að geta loksins sleppt af honum takinu. Nú standa fyrir dyrum ferðalög og útgáfutónleikar, á Íslandi, í Færeyjum, Danmörku, Noregi og Sviss þar til í byrjun desember. Það verður gaman og spennandi að spila og syngja nýju lögin „live“ og allt öðruvísi en að vinna í stúdíói.

***Hvernig er að vera þekkt söngkona í Færeyjum?*** Það er allt í lagi. Færeyingar eru flestir með báða fætur á jörðinni og láta fólk í friði. Ég lendi ekki oft í neikvæðri gagnrýni en það kemur þó fyrir að ég tek nærri mér eitthvað sem sagt er og hef reynt að styrkja skrápinn minn til að láta slíkt ekki brjóta mig niður. Ég reyni líka að nýta mér allt sem skrifað er uppbyggilegt og geri mér grein fyrir að það fylgir augljóslega frægðinni að vera á milli tannanna á fólki.

## Enginn ákveðinn stílisti

***Nú ertu einstök að innan og utan, hver hjálpar þér með útlit og áherslur eða ertu með stílista?***

Ég er ekki með neinn ákveðinn stílista en ég á gott fólk í kring um mig sem ég leita til með ráðleggingar varðandi útlit, fatnað og stíl yfirleitt. Ég hef haft gaman af kjólum og fataskrauti alveg síðan ég var lítil stelpa og mikinn áhuga á að pæla í því, hvaða stemningu maður setur í ljósmyndir og svo framvegis. Til dæmis er mjög mikilvægt að útlitið á plötuumslagi tóni við tónlistina sem ég hef valið á hljómdisk sem er á leið í útgáfu.

***Uppáhaldstilvitnun þín ?***

Imagination is more important than knowledge eða á íslensku: Hugmyndaflug er mikilvægara en þekking – Einstein.

***Hvar sérðu þig eftir tíu ár?***

Ég á erfitt með að svara þessari spurningu. Maður getur ekki stjórnað eða ráðið framtíðinni mikið en ósk mín er sú að ég læri af lífinu og reynslunni og þroskast sem manneskja og listamaður í senn.

***Eitthvað að lokum?***

Vonandi koma sem flestir að hlusta á tónleikana okkar í Reykjavík en tónleikarnir verða í Hörpu eftir viku, föstudaginn 31. ágúst.



„Maðurinn minn er bestur í heimi og heitir Tróndur Bogason. Hann er tónskáld og yndisleg persóna. Tróndur á 6 ára gamla dóttur þann æfing í að ala upp barn," sagði Eivör.

# EYJUM

a sem haldnir verða í Hörpu eftir



nig að ég er stjúpmóðir. Það er góð byrjun og

MYND/SEM JOHNSON

**NÝ PLATA**

Platan Room sem kom út síðastliðinn þriðjudag hefur verið í vinnslu í rúm tvö ár. Eivör tileinkar föður sínum, sem lést fyrir tveimur árum, plötuna. „Ég kalla hana Room því að með henni er ég að hleypa fólki inn í rými innra með mér sem er rosalega persónulegt,“ segir Eivör en platan er öll á ensku.



„ Ég sakna enn þá þess að búa ekki í Reykjavík og á þann draum að búa þar einhvern tíma aftur. Í hjarta mínu mun ég alltaf líta á Ísland sem mitt annað heimili.


# SKRÁÐU ÞIG!

## *Ný námskeið að hefjast*

Komdu í hóp með þeim sem ná árangri. Þjálfun Dale Carnegie vísar þér leiðina til að njóta þín betur á meðal fólks, hafa góð áhrif á aðra og til að nýta hæfileika þína til fullnustu, hvort sem er í starfi eða í einkalífi. Á hverjum degi heyrir þú af fólki sem skarar fram úr í athafnalífinu, í stjórnsýslu, íþróttum, fjölmiðlum og á sviði menningar og lista. Þetta fólk er í hópi þeirra 20.000 Íslendinga sem hafa sótt þjálfun Dale Carnegie.

## //KOMDU Í ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMA MÁNUDAGINN 27. ÁGÚST

FULLORÐNIR KL. 20:00
UNGT FÓLK 16-25 ÁRA KL. 20:00
UNGT FÓLK 10-15 ÁRA KL. 19:00

Komdu í Ármúla 11 og upplifðu Dale Carnegie á 60 mínútum.

*Skannaðu kóðann og skráðu þig í hvelli*

**555 70 80**

*Hringdu núna eða skráðu þig á*

**www.dale.is**

*Ég var alltaf með fordóma gagnvart Dale en þar sem Dale Carnegie hélt sitt fyrsta námskeið árið 1912 gat ekki verið um einhverja tískubólu, eins og fótanuddtæki, að ræða. Það er öllum hollt að bregða sér út fyrir þægindarammann og gera eitthvað nýtt, hugsaði ég í fyrsta tímanum. Fordómar eru að sjálfsögðu fáfræði og eftir námskeiðið varð Dale nýi besti vinur minn. Skóli er stundum ekki góður staður til að læra en námskeiðin afla þátttakendum verkfæra sem nýtast vel í leik og starfi. Mannbætandi ferðalag með mikilli sjálfskoðun og styrkingu á hinum ýmsu sviðum og ávinningurinn þess vegna þekking og færni í að tækla þetta hlaðborð sem lífið er. Þú lærir að njóta.*

*Andrea Róberts*
*forstöðumaður mannauðssviðs Tals*



## //HVERJIR ERU ÞÍNIR STYRKLEIKAR?

- Sjálfstraust
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni í tjáskiptum
- Leiðtogahæfni
- Stjórn á streitu

Taktu styrkleikaprófið á www.dale.is/styrkleikar

## //FYRIR HVERJA ER DALE CARNEGIE?

Fyrir alla sem vilja:

- Ná fram því besta í fari sínu og verða sterkari leiðtogar
- Takast á við flóknar áskoranir
- Fleiri og betri hugmyndir
- Byggja upp traust sambönd
- Koma fyrir af fagmennsku
- Vera virkir á fundum
- Stjórna eigin lífi og taka ákvarðanir

DALE CARNEGIE© ÞJÁLFUN

Ármúla 11 | 108 Reykjavík | Sími: 555 7080 | www.dale.is

ÍSLENSKA SIA.IS DAL 60750 08/12

# Dagur í lífi Eivörar

**Hér er nokkuð dæmigerður dagur á veturna þegar undirbúningstímabilið er í fullum gangi og allt í rútínu.**



Það má segja að ég hafi ýmsan hátt á dögum mínum, það fer allt eftir því hvort ég er heima við eða í burtu á tónleikaferðalagi. Heima vinn ég alla mína undirbúningsvinnu og skrifa texta og sem tónlist. Þá reyni ég að skipuleggja daginn sem hvern annan vinnudag og vakna snemma, svara pósti, geri tónleikadagskrár og tek svo tíma í að æfa eða vinna lögin mín eftir þörfum. Fer kannski í jógatíma seinni part dags. Ég hef gaman af að undirbúa góðan kvöldmat og njóta kvöldsins í faðmi fjölskyldunnar, svæfa litlu stjúpdóttur mína, sem er yndisleg, eða skrepp í heimsókn til vina, allt eftir því hvað andinn býður.

Það kemur líka fyrir að textarnir og tónarnir koma alveg að óvörum til mín og þá sest ég við að semja og gleymi mér gjarnan við það langt fram á nætur og get ekki stoppað. Ef ég er hins vegar á ferðalögum, þá eru æfingar og hljóðprufur yfirleitt að degi til og svo tónleikar langt fram á kvöld. Þá fer líka mikill tími í að pakka og róta öllum græjum og ferðast á milli staða í bílum eða í flugi, svo ég reyni að ná mér tíma til að „skæpa“ heim, lesa kafla í bók og komast í svefn til að safna kröftum fyrir næstu törn og oft er komið langt fram á nótt.



Ég er ekki með neinn ákveðinn stílista en ég á gott fólk í kring um mig sem ég leita til með ráðleggingar varðandi útlit, fatnað og stíl yfirleitt. Ég hef haft gaman af kjólum og fataskrauti alveg síðan ég var lítil stelpa.” MYND/HEIÐRIK Á HEYGUM



Eivör er hamingjusöm á því leikur enginn vafi. MYND/SEM JOHNSON

**Það var í rólegheitum heima hjá okkur við morgunverðarborðið. Ég held reyndar að mér hafi svelgst á ommelettunni þegar hann spurði mig hvort ég vildi giftast sér. Það kom mér algjörlega á óvart.**

Mind Xtra
fyrir konur eins og þig
Verð
1000 - 5000
Verslunin opnar í Smáralind 31. ágúst
Allt á að seljast
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Verslunin lokar á laugardaginn
Opnar í Smáralind 31. ágúst nk.
Jakkaföt 10.000 kr.
Allar skyrtur 4.000 kr.
Allar buxur 5.000 kr.
Bolir 1.000 kr.
FJÖRÐUR
www.fjordur.is
Herra hafnarfjörður
Firði Hafnarfirði | Sími 572 3400

## AUGLÝSING: HEILSUBORG KYNNIR




Árdís Hulda Óskarsdóttir, þjálfari hjá Heilsuborg, kennir kvennaleikfimina. MYND/STEFÁN

# LEIKFIMI FYRIR KONUR

**Kvennaleikfimi er fjögurra vikna námskeið sem hentar öllum konum sem vilja æfa í skemmtilegum félagsskap. Kennt er tvisvar í viku í Heilsuborg, Faxafeni 14.**

„Þetta er gamla góða leikfimin þar sem áhersla er lögð á góðar styrktaræfingar en lítið er um hopp. Æfingarnar eru fjölbreyttar svo allar konur ættu að finna eitthvað við sitt hæfi," segir Árdís Hulda Óskarsdóttir íþróttafræðingur, en hún kennir kvennaleikfimi hjá Heilsuborg. Kvennaleikfimin er fjögurra vikna námskeið og hentar konum á öllum aldri.

„Þetta er góð leikfimi fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og líða betur. Það er gott að vera í félagsskap í föstum hóp, þá eru meiri líkur á að þú haldir áfram. Við byggjum námskeiðið upp á leikfimi í sal og svo á stöðvum í tækjahring. Við kennum tvisvar í viku, klukkan 10 á þriðjudögum og fimmtudögum en það er hægt að koma í frían prufutíma. Eins er hægt að festa sig strax á þrjá mánuði, þá er verðið aðeins hagstæðara."

Árdís er með BS í íþróttafræði úr HR og hóf störf hjá Heilsuborg í sumar. Hún er þaulreyndur þjálfari og starfaði meðal annars áður hjá World Class. „Ég hef kennt frá árinu 2007 ýmis námskeið og hef góðan bakgrunn. Ég kenni einnig önnur námskeið hér hjá Heilsuborg og ef kvennaleikfimin reynist eitthvað sem ekki hentar viðkomandi er fjöldi annarra námskeiða í boði hjá okkur. Hugsunin á bak við kvennaleikfimina er að ná saman konum sem vilja hreyfa sig í góðum félagsskap. Það þarf ekkert að stressa sig á rétta klæðnaðinum, bara koma eins og manni líður best."

Nánari upplýsingar er að finna á www.heilsuborg.is.

Í **Heilsumati** færð þú upplýsingar úr líkamsgreiningartæki um grunnbrennslu líkamans og **orkuþörf** þín er reiknuð út.

## HEILSUMAT REYNIST MÖRGUM GÓÐ BYRJUN

**Góður kostur** Allir geta pantað tíma í **Heilsumat**, hvort sem einstaklingur er of þungur eða nálægt kjörþyngd. Heilsumatið er góður kostur fyrir alla til að átta sig á ástandi líkamans, konur sem karla!

Í **Heilsuborg** starfa hjúkrunarfræðingarnir Marianna Csillag og Hólmfríður Margrét Bjarnadóttir. Þær framkvæma svokallað Heilsumat en með því er staða á heilsu og helstu áhættuþáttum viðkomandi einstaklinga metin. Gerðar eru ýmsar mælingar, m.a. á blóðþrýstingi, mittismáli, fituhlutfalli og magni fituvefs, vöðva og vökva í líkamanum. Grunnefnaskipti og orkuþörf einstaklings er einnig metin. Marianna bendir á að hún aðstoði viðkomandi oft við að finna út viðeigandi mataræði. „Ég nota ákveðið stigakerfi sem er einfalt í notkun en legg áherslu á að finna út hvað hverjum og einum þykir gott af hollum mat og viðkomandi er tilbúinn til borða það sem eftir er ævinnar. Við erum öll svo mismunandi og því er ekki hægt að gefa eina uppskrift, fólk gefst fljótt upp á því."

Hólmfríður tekur undir þetta og bætir við að leitast sé eftir að finna hreyfingu og næringu sem henti hverjum og einum. „Heilsumat hefur reynist mörgum góð byrjun þegar þeir ætla að breyta um lífsstíl og vilja gera breytingar til langframa. Hjá okkur er ekkert til sem heitir átak – bara heilbrigð skynsemi."

**Heilsuborg** er líkamsræktarstöð með öðruvísi áherslur. Í Heilsuborg starfa m.a. hjúkrunarfræðingar, íþróttafræðingar, læknir, næringarfræðingar, sálfræðingar og sjúkraþjálfarar.



› Sjá nánar á visir.is/lifid

## NÁMSKEIÐ Í BOÐI



### ZUMBA
Dansaðu þig í form í góðum félagsskap! Eva Suto kennir þetta vinsæla námskeið. Í þessum tímum er alltaf fjör!



### ZUMBA TONING
Eva mælir líka með Zumba toning sem er nýtt þjálfunarkerfi með áherslu á þol- og styrktaræfingar ásamt taktföstum hreyfingum.



### KVENNALEIKFIMI
Góð þjálfun fyrir allar konur – ekkert hopp! Áhersla lögð á maga, rass og læri.



### MORGUNÞREK
Hressir og fjölbreyttir tímar fyrir lengra komna. Mikil brennsla.



### 60 ÁRA OG ELDRI
Frábær félagsskapur, aðhald og stuðningur. Hentar þeim sem vilja aukinn styrk og úthald við dagleg störf!

Mikið úrval sjálflímandi veggmynda



Zebra hestur kr. 3.600,-



Túlípanar kr. 3.600,-



Ævintýraheimur kr. 3.600,-



Fíat 500 kr. 3.600,-

minja Design

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 12 • SÍMI 578 6090
www. minja.is • Facebook: Minja




Íris Thelma segir dvölina í Kína eitt það skemmtilegasta sem hún hefur upplifað.



Það voru strangar æfingar í Kína allar fimm vikurnar.





# FÉKK AÐ UPPLIFA DRAUMINN

**Fegurðardrottningin Íris Telma Jónsdóttir var fulltrúi Íslands í Miss World þetta árið en hún er nýlent á Íslandi eftir fimm vikna dvöl í Kína en það var einmitt kínverska stúlkan sem kosin var sú fegursta. Lífið náði tali af Írisi og forvitnaðist um lífsreynsluna síðustu vikurnar.**

**ÍRIS TELMA JÓNSDÓTTIR**
**ALDUR?** 21 árs
**HJÚSKAPARSTAÐA?** Einhleyp
**STARF/NÁM?** Snyrtifræðingur á snyrtistofunni Carita Snyrting í Hafnarfirði
**ÁHUGAMÁL?** Ég hef mikinn áhuga á íþróttum, ferðast bæði innanlands og utan, útilegum og þess háttar, öllu sem kemur snyrtifræðinni við og svo að sjálfsögðu bara að vera í góðra vina hópi og njóta lífsins.

**Hvernig byrjaði þetta ævintýri þitt sem endaði með þátttöku í Miss World?** Ég fékk boð um að koma í prufu fyrir Ungfrú Reykjavík árið 2010 en mér fannst ég alls ekki rétta týpan í það á þeim tíma. Ég upplifði mig ekki eins og þessar stelpur sem voru að taka þátt í þessum keppnum og var líka hrikalega feimin. En eftir gott spjall við múttu og eftir að Ungfrú Ísland kjóllinn hennar mömmu frá árinu 1987 stóð til boða þá ákvað ég að slá til, sem betur fer! Ég tók þátt í Ungfrú Reykjavík og Ungfrú Ísland sama ár og lenti þar í 2. sæti. Ég kom held ég sjálfri mér og nánustu vinum mest á óvart þar sem feimnin var nánast horfin og ég orðin smá dama. Ég lærði svo mikið á þessu og átti þarna tíma sem standa algjörlega upp úr – án efa það skemmtilegasta sem ég hef gert. Svo opnaðist þetta tækifæri að fá að taka þátt í Miss World núna í ágúst, og því gat ég ekki hafnað enda gamall draumur sem varð að veruleika.

**Hvað stóð undirbúningurinn lengi yfir áður en þú hélst út?** Ég fékk að vita frekar seint að ég yrði send út og fékk því aðeins tvær vikur til þess að undirbúa mig. Ég fékk strax frí frá vinnu og það gerðist því heilmikið á þessum tveimur vikum.

**Hvað fórstu með mikinn farangur?** Ég tók með mér þrjár stórar ferðatöskur, samtals hafa þetta verið um 80 kíló.

**Hvernig gekk þetta langa ferðalag með allan þennan farangur fyrir sig?** Ferðalagið gekk mjög vel en það tók tuttugu og níu klukkustundir að komast til Ordos.

**Var þétt dagskrá allan tímann?** Já, þetta var sko full vinna í fimm vikur án helgarfría. Oft á tíðum náði ég mest þriggja klukkustunda svefni og þegar mest var svaf ég í sex tíma þarna úti þar sem dagurinn var byrjaður um klukkan sex á morgnana og við ekki að detta inn á hótel fyrr en seint. Þetta var gífurlega skemmtilegt og þvílík lífsreynsla en einnig rosalega erfiðar fimm vikur og ég á eflaust eftir að taka góðar tvær vikur í að sofa núna þegar ég er komin heim.

**Það var reyndar hægara sagt en gert** ... 

Það flottasta sem ég hef séð og svo eyddum við heilum degi í eyðimörk þar sem ég fór til dæmis á bak á kameldýri, það var ótrúlega gaman.

**Kynntistu mörgum stelpum í keppninni?** Já, það var metþátttaka þetta árið en við vorum 117 stelpur. Ég kynntist þeim að sjálfsögðu misvel en náði að kynnast rosalega mörgum ansi vel. Þetta er hópaskipt og var okkur skipt í fjóra hópa, maður kynntist hópnum sínum rosa vel en annars vorum við duglegar að blanda geði utan hópsins og ég er gífurlega heppin að hafa náð að kynnast svona mörgum stelpum á þetta stuttum tíma.

Ég kynntist að sjálfsögðu herbergisfélaganum best, hún var Miss England, en Miss Wales var líka alltaf með okkur en hún endaði í 2. sæti.

**Skynjaði hópurinn hver myndi vinna eða hvernig upplifðir þú það?** Já, við skynjuðum hver yrði sigurvegari ansi fljótt þó það hafi komið tímar sem maður fór að efast um röðunina. Ég var samt rosalega ánægð sérstaklega að sjá yndislegu Sophie mína, Miss Wales, í öðru sæti en einnig Miss China í fyrsta sætinu, hún er þessi hógværa stelpa sem var yndisleg við alla, alltaf brosandi og bara yndisleg í alla staði!

> „Ég upplifði mig ekki eins og þessar stelpur sem voru að taka þátt í þessum keppnum og var líka hrikalega feimin.

Það var reyndar hægara sagt en gert að fara í þrjú flug með farangurinn en það heppnaðist þrátt fyrir himinháa sekt fyrir yfirvigt í Peking. Töskurnar skiluðu sér allar en það voru ekki allir keppendurnir svo heppnir að fá farangurinn sinn strax.

**Hvað varstu lengi úti?** Þetta voru um fimm vikur. Mun lengri tími heldur en í fyrra til dæmis, þá stóð þetta aðeins í þrjár vikur. Við ferðuðumst um Kína fyrstu tvær vikurnar áður en stífar æfingar hófust. Ég var líka rosalega heppin að fá foreldra mína út til mín síðustu vikuna. Þegar stelpurnar voru komnar með massíva heimþrá var ég bara með gömlu á sama hóteli og er rosalega þakklát fyrir það að þau hafi ferðast alla þessa leið til að taka þátt í þessu með mér.

**Hvernig var öryggisgæslan í kringum hópinn?** Það var rosalega góð gæsla, sem þurfti sko alveg. Gott security-teymi og svo einn „chaperone“ yfir hverjum sex stelpum sem pössuðu vel upp á okkur. Kínverjarnir voru hrikalega spenntir fyrir þessu og það beið okkar góður hópur af Kínverjum hvert sem við fórum.

**Hvað stendur upp úr eftir ferðina?** Lokakvöldið að sjálfsögðu, þá var ég með gæsahúð allan tímann. Draumur sem varð að veruleika, eftir að hafa horft á keppnina síðan ég var lítil og allt í einu var ég þarna og fékk að upplifa þetta allt.

En fyrir utan það standa tvær ferðir upp úr, ferðalag til Shanghai þar sem við eyddum góðu kvöldi í „river cruise“ innan um öll ljósin og háu byggingarnar, það var eitt

# SJÁÐU

ENN FLEIRI SJÓNVARPSSTÖÐVAR **FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT**

ÞRJÁR **NÝJAR** SJÓNVARPSSTÖÐVAR




STÖÐ 2 **BÍÓ**




STÖÐ 2 **GULL**




STÖÐ2 **KRAKKAR**




POPP **TÍVÍ**

# MARGFALT

FLEIRI MÖGULEIKAR MEÐ **NETFRELSI ÞÆTTIR OG KVIKMYNDIR EFTIR PÖNTUN**



Nýtt

28 DAGA **FRELSI**



Nýtt

KVIK**MYNDIR**



Nýtt

FRÆÐSLU**EFNI**



Nýtt

KLASSÍSKT
**ÍSLENSKT**




Nýtt

BARNA**EFNI**




Nú fylgja þrjár nýjar stöðvar, Popptíví, Stöð 2 Gull og Stöð 2 Krakkar frítt með áskrift að Stöð 2 ásamt Stöð 2 bíó. Þjónusta við áskrifendur hefur einnig margfaldast með stórauknu framboði af efni á Netfrelsi Stöðvar 2. Þar má nú horfa hvenær sem er og hvar sem er á alla nýjustu þættina og bíómyndirnar af Stöð 2 og Popptíví í 28 daga eftir frumsýningu, vel valda innlenda þætti úr safni stöðvar 2, úrval af talsettu barnaefni og vandað fræðsluefni beint í sjónvarpið þitt, símann, tölvuna eða spjaldtölvuna.

ALLT ÞETTA FYRIR
**254 KR.** Á DAG

**MARGFALT
SKEMMTILEGRI**

# Lífið

## LOTTÓÞULA Á LAUSU

Lottóþulan og flugfreyjan **Katrín Brynja Hermannsdóttir** flýgur nú ein síns liðs inn í framtíðina eftir breytta hjúskaparstöðu. Hún blómstrar að vægast sagt enda með þrjá fallega glókolla, drengina sína, sem hún nýtur lífsins með.



## SÖNGKONUR BAK VIÐ BÚÐARBORÐIÐ

„Heiða er náttúrulega bara snillingur frá Hólmavík sem kann allt og getur allt þannig að hún er alger himnasending fyrir Púkó & smart,“ svarar Hera Björk, söngkona og eigandi verslunarinnar Púkó og smart á Laugavegi, en Heiða Ólafsdóttir, sem er líka söngkona, leysir Heru af við afgreiðslu í búðinni. „Henni finnst gaman að vera búðarkona eins og mér og stekkur inn fyrir mig þegar ég þarf að skjótast til útlanda til að vera söngkona,“ segir Hera.



## HELGARMATURINN



**Úlfar Eysteinsson á Þremur frökkum er einn þeirra sem munu elda beikon ofan í gesti og gangandi en hann deilir hér flottri uppskrift fyrir helgina að sjálfsögðu með smá beikoni.**

### Hrefnusteik með wasabi-beikon-kartöflumús

Það verður ósvikin beikonstemning á Skólavörðustígnum á morgun, laugardaginn 25. ágúst klukkan 14.00 þegar beikonhátíðin Reykjavík Beikon Festival verður haldin hátíðleg. Allir landsmenn eru hjartanlega velkomnir og þeir, sem þykir gott að gæða sér á beikoni, eru sérstaklega hvattir til að koma því boðið verður upp á beikon í kílóavís sem verður grillað ofan í mannskapinn.

2 x 100 g hrefnukjöt
Skerið kjötið í 1 cm þykkar sneiðar. Steikið í 36 sekúndur á fyrri hliðinni og 32 sekúndur á þeirri seinni.



### Wasabi-kartöflumús með beikonbitum, borin fram með sojasósu í skál

700 g kartöflur
2 msk. smjör
5 msk. mjólk
1 tsk. til 1 msk. wasabi-krem (wasabi paste)
6 sneiðar steikt beikon, smátt skorið
1 msk. sojasósa

Setjið kartöflurnar í pott, látið kalt vatn í pottinn og látið það ná um 3 cm yfir. Látið kartöflurnar sjóða í 15-20 mínútur, eða þangað til þær eru soðnar í gegn. Hellið vatninu af. Stappið kartöflurnar með gaffli eða kartöflustappara. Bætið í mjólk, smjöri, steiktu beikoni og wasabi-kremi. Hrærið þessu varlega saman, passa þarf að hræra ekki of mikið, þá verður kartöflumúsin stíf.
**Skammtur fyrir 4.**





VINSÆLASTA MYND SUMARSINS!
græna ljósið
-betra bíó
Sýningum fjölgað
í öllum bíóum til að anna eftirspurn.
Sýningartímar og miðasala á Miði.is
★★★★
„Bætir, hressir og kætir.“
- Haukur Viðar Alfreðsson, Fréttablaðið
★★★★
„Heillandi leikur og falleg saga.“
- Helgi Snær Sigurðsson, Morgunblaðið
BYGGÐ Á SANNRI SÖGU
François Cluzet
Omar Sy
Intouchables
Vertu vinur okkar og þú gætir unnið miða!
www.facebook.com/graenaljosid
https://twitter.com/graenaljosid
SÝND Í HÁSKÓLABÍÓI, LAUGARÁSBÍÓI OG BORGARBÍÓI AKUREYRI

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** pest, **6.** voði, **8.** langar, **9.** slöngu, **11.** þurrka út, **12.** frenja, **14.** gleikka, **16.** golf áhald, **17.** kopar, **18.** kæla, **20.** bókstafur, **21.** skarpur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** dalverpi, **3.** tveir eins, **4.** gufuskip, **5.** hamfletta, **7.** áll, **10.** mánuður, **13.** atvikast, **15.** einsöngur, **16.** tæfa, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** vá, **8.** vil, **9.** orm, **11.** má, **12.** skass, **14.** víkka, **16.** tí, **17.** eir, **18.** ísa, **20.** pí, **21.** klár.

**LÓÐRÉTT: 1.** kvos, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** flá, **7.** árkvísl, **10.** maí, **13.** ske, **15.** aría, **16.** tík, **19.** áð.


# Helgarblað
alla laugardaga



# Frelsi að geta hlaupið

Helgi Sveinsson, sem missti fótinn 19 ára gamall, keppir í þremur greinum á Ólympíumóti fatlaðra, þar á meðal í 100 metra spretthlaupi.

**Meðal annars efnis:**

**Meira teknó og meira stuð**
Unnsteinn Manuel og Haraldur Ari úr hljómsveitinni Retro Stefson ræða vinsældirnar, væntanlega breiðskífu og breytingar hjá bandinu.

**Hin árlega busavígsla**
Innvígslur nema eru aldagamalt fyrirbæri og hafa lengi verið umdeildar.




Allt sem þú þarft


# Sælir eru þeir sem gera mistök

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Nýverið sótti ég fótboltaleik þar sem markvörður annars liðsins gerði sig sekan um hroðaleg mistök. Eins og oft vill verða með mistök markvarða urðu þau til þess að hitt liðið skoraði og reyndist markið ráða úrslitum í leiknum. Það voru þó ekki mistökin sem slík sem ég vildi ræða heldur fremur viðbrögð markvarðarins í kjölfar þeirra. Markvörðurinn gróf ekki andlitið í höndum sínum, hann bölvaði ekki eigin klaufagangi og hann rétti svo sannarlega ekki upp aðra höndina, bað liðsfélaga sína afsökunar og sagðist skyldu standa sig betur næst. Nei, hann öskraði heldur á liðsfélagana að því er virtist brjálaður yfir þeirra frammistöðu í aðdraganda marksins.

**VIÐBRÖGÐ** markvarðarins ber vitaskuld að skoða í samhengi. Þetta gerðist í hita knattspyrnuleiks og ég efast ekki um að hann hefur verið óánægðastur allra með sjálfan sig eftir leikinn. Það er engu að síður forvitnilegt að velta fyrir sér þessum viðbrögðum; að kenna öllum öðrum og öllu öðru um, fremur en að líta í eigin barm. Þetta er nefnilega merkilega algengt. Hver kannast ekki við týpuna sem getur aldrei tekið ábyrgð á eigin mistökum? Ef hún mætir seint var það umferðinni að kenna, ef verkefni frá henni reynist illa unnið voru fyrirmælin ruglingsleg og svo framvegis. Þessi tilhneiging getur einnig tekið á sig aðrar og einkennilegri myndir. Sé engin hentug afsökun til staðar kemur fyrir að fólk einfaldlega býr til, oft fjarstæðukenndar, ástæður fyrir því af hverju hlutirnir fóru úrskeiðis. „Það var samkrull ríkisstjórnarinnar, fjármálakerfisins og fjölmiðla sem olli því að ég á nú í fjárhagsvandræðum."

**VIÐBRÖGÐ** sem þessi láta manni kannski líða betur til skamms tíma en þau eru klárlega ekki uppbyggileg til framtíðar. Vilji maður bæta eigin frammistöðu á íþróttavellinum, í vinnu, skóla eða bara hverju sem er, er miklu gagnlegra að horfast í augu við eigin þátt í því sem fór úrskeiðis og læra af því fremur en að kenna einhverju öðru um. Þegar út í það er farið er það besta leiðin til að læra því þá gleymir maður aldrei lexíunni. Þegar þetta er haft í huga og eins það að allir gera mistök, meira að segja frekar reglulega, er ljóst að það er fráleitt að skammast sín fyrir mistök, gangast ekki við þeim og reyna að gleyma þeim.

**SÁ** sem keyrir lélegan veg getur ekki kennt steininum um þegar dekk springur, heldur einungis því hvaða vegur var valinn. Þá hefur hann líka vit á því að velja annan veg eða betur búinn bíl næst þegar ferðalag er farið.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Á STÓRTÓNLEIKUM Í HÖRPU
~HINIR EINU SÖNNU~
STUÐMENN
UPPSELT Á FYRSTU ÞRENNA STUÐMANNA-TÓNLEIKANA Í HÖRPU! TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á ÞÁ FJÓRÐU OG SÍÐUSTU!
Með allt á hreinu
FORSALA HEFST KL. 12:00 Í DAG!!
NÝIR TÓNLEIKAR
LAU. 6. OKT. KL. 23:00
FYRSTU ÞRENNIR TÓNLEIKAR STUÐMANNA SELDUST UPP Á METTÍMA!
FJÓRÐU OG SÍÐUSTU TÓNLEIKAR SVEITARINNAR AÐ SINNI VERÐA LAUGARDAGINN
6. OKTÓBER KL. 23:00. MIÐASALA HEFST FÖSTUDAGINN 24. ÁGÚST KL. 12:00
MIDI.IS – HARPA.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NICKY
898 KR
TÓLF NICKY SALERNISRÚLLUR
359 KR.
ÞRJÁR NICKY ELDHÚSRÚLLUR
EURO SHOPPER
KJÚKLINGABRINGUR
FROSNAR 900 GR
KYCKLINGFILÉ
1498 KR.PK
ÓDÝRUSTU KJÚKLINGABRINGURNAR Í BÓNUS
FRÁ NOREGI FROSIN LÚÐA
2798 KR.KG
BÓNUS KAFFI
398
KR. 500 GR
jordbær
FROSIN JARÐARBER 1.2 KG
459 KR
GRANULATED SUGAR
WHEAT FLOUR
ROLLED OATS
CORN FLAKES
Þeytirjómi 250 ml,
198 kr.
Hvítur sykur 1 kg.
198 kr.
Hvítt hveiti 1 kg.
98 kr.
Hafrajmöl 500 gr
98 kr.
Kornfleks 750 gr
298 kr.
BEST MEX
Soft Tortil
BEST MEX 8 STK. MJÚKAR TORTILLAKÖKUR = 336 GR
259 KR.
BEST MEX
Taco Sauce
BEST MEX
TACO SÓSUR 230 GR
198 KR.
TILBOÐ Franskar 700g
ÞYKKVABÆJAR 700 GR
TILBOÐS FRANSKAR
259 KR.
SULTUKRUKKA MEÐ LOKI
159 KR.
OPNUM KL.10
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKUR KJÖRFUGLS-
KJÚKLINGUR
Á GÓÐU VERÐI
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
100% KJÖT
1295 KR. KG
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTGRIPAHAKK 100% KJÖT
FERSK NAUTA-PIPARSTEIK
1998 KR. KG
NAUTAVEISLU FERSK NAUTGRIPA-PIPARSTEIK
SKÓLA-OSTUR TILBOÐ
Í SNEIÐUM 1298 KR.KG
OSTSTYKKI 998 KR.KG
4 STK. KRINGLUR MJÚKAR
198 KR.
4 STK. KJALLARABOLLUR MEÐ OSTI
298 KR.
BÓNUS BYGG FLATKÖKUR
5 STK. BYGG-FLATKÖKUR
139 KR.
698 KR. KG
HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR
598 KR. KG
FERSKIR KJÚKLINGABITAR
279 KR. KG
FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
1798 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
179 KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI
ÞRJÁR 250 ML FERNUR Í PAKKA
159 KR
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI 1 LTR.
129 KR
RICE DREAM
ALMOND DREAM
RÍSMJÓLK & MÖNDLUMJÓLK
298 KR. 1 LTR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is

**LEIKHÓPURINN MIND GROUP** frumsýnir í kvöld verkið Map of the World. Á sviðinu verður heimskort teiknað upp og leitast við að komast að því hverjir „við“ og „hinir“ eru. Sýningar fara fram í Nýlistasafninu, í kvöld klukkan 22 og á sunnudagskvöld klukkan 21. Sýningin er hluti af leiklistarhátíðinni LÓKAL sem nú stendur sem hæst.

## Leiðsögn lýkur senn

Síðasta leiðsögn sumarsins um fornleifauppgröft á Alþingisreitnum verður haldin næsta sunnudag en rannsóknin á reitnum hefur staðið í allt sumar. Lagt er upp frá Landnámssýningunni Reykjavík 871+/-2 í Aðalstræti 16 klukkan tvö. Una Helga Jónsdóttir fornleifafræðingur mun leiða hópinn og segja frá gangi mála og nýjustu uppgötvunum.

Minjasafn Reykjavíkur hefur í sumar verið í samstarfi við Alþingi og fornleifafræðingana á Alþingisreitnum um miðlun á verkefninu. Sett hafa verið upp upplýsingaskilti í kringum uppgraftarsvæðið og haldið er úti heimasíðu um verkefnið: http://uppgroftur.reykjavik.is.

Þar er að finna upplýsingar um gang mála og fornleifar sem finnast. Fornleifauppgröftinn við Alþingisreitinn er einnig að finna á Facebook: http://www.facebook.com/Althingisreitur.

Í sumar hefur verið boðið upp á leiðsögn um reitinn bæði á ensku og íslensku. Að því er fram kemur í fréttatilkynningu hefur þessu verið vel tekið og ferðamenn og heimamenn sýnt verkinu mikinn áhuga.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 24. ágúst 2012**

### Leiklist

**21.00** Ferðaleikhúsið að Baldursgötu 37 sýnir nýja uppfærslu á Light Nights. Þjóðsögur og margvíslegt íslenskt efni er á dagskránni sem er flutt á ensku. Aðgangseyrir er kr. 2.500 en kr. 2.000 fyrir nema og 1.500 fyrir börn 6 til 16 ára.

### Sýningar

**20.00** Listamaðurinn Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir opnar sýninguna Umbrot í Gallerí klósett, Hverfisgötu 61. Er þetta síðasta sýningin í galleríinu en Jóhanna er ein af stofnendum þess.

### Tónlist



**12.30** **Valgerður Guðnadóttir** sópran, Sólrún Gunnarsdóttir fiðluleikari og Lilja Eggertsdóttir píanóleikari flytja suðræna og seiðandi tóna í Háteigskirkju. Almennt miðaverð er kr. 1.000.

**14.00** Þýska hljómsveitin Our Blanket Skies, Svavar Knútur og Halla Norðfjörð koma fram í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni af tónlistarhátíðinni Melodica Acoustic Festival.

**20.00** Hin sænska Xenia Kriisin heldur tónleika í Norræna húsinu. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Hljómsveitin A Band on Stage heldur kveðjutónleika sína á Café Rosenberg.



**22.00** Hljómsveitin **Varsjárbandalagið** spilar á Græna Hattinum, Akureyri. Stúlknabandið Upside Drown frá Kaliforníu hitar upp.

**23.00** Sváfnir Sigurðarson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Bandaríska grasrótar-sækadelíusveitin Prince Rama spilar á Faktorý og Kría Brekkan hitar upp. Tónleikarnir eru á vegum gogoyoko og er aðgangseyrir kr. 1.500.

### Fyrirlestrar

**12.00** Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur stýrir fyrirlestri þar sem Þorskastríðin verða endurskoðuð í ljósi heimilda úr skjalasafni NATO. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 101 í Odda.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



**MEÐ ÓSTYTTA ÖNNU** Sigríður Lára Sigurjónsdóttir tók sig til og þýddi Önnu í Grænuhlíð á nýjan leik eftir að hún komst að því að bókin hafði verið stytt verulega í íslenskri þýðingu á sínum tíma. Hér handleikur hún nýja útgáfu bókarinnar sem dreift var í verslanir í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FYNDNARI Í FULLRI LENGD

**Sigríður Lára Sigurjónsdóttir komst að því fyrir nokkrum árum að íslensk þýðing einnar eftirlætisbókar hennar, Önnu í Grænuhlíð, væri stytt útgáfa sögunnar. Hún hefur nú þýtt á ný fyrstu bókina af átta um Önnu.**

„Ég hef lengi verið aðdáandi Önnu í Grænuhlíð en það var fyrst árið 2009 að ég komst að því að bækurnar væri bæði fleiri en ég hélt og lengri. Ég byrjaði því á að lesa bækurnar sem ég hafði ekki lesið og svo þær sem höfðu verið þýddar á íslensku og komst að því að það var meira í þær spunnið en ég hélt. Bækurnar um Önnu eru til dæmis miklu fyndnari en ég hafði gert mér grein fyrir,“ segir Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, þýðandi Önnu í Grænuhlíð sem komin er út á nýjan leik í óstyttri útgáfu hjá forlaginu Ástríki.

„Fyrstu fjórar bækurnar af þeim átta sem höfundurinn Lucy Maud Montgomery samdi um Önnu voru þýddar á árunum 1933 til 1937 af Axel Guðmundssyni. Gömlu þýðingarnar eru mjög góðar að mörgu leyti en þær voru þýddar inn í gömlu þýðingarhefðina sem fól í sér þá hugsun að ekki þyrfti að fara eftir frumtextanum. Fyrsta bókin var til dæmis 27 kaflar á íslensku en 38 á ensku. Og styttingar þýddu líka að sögunni var breytt á köflum,“ segir Sigríður Lára og lofar því að lesendum sem þekkja bókina bara í íslenskri þýðingu verði komið á óvart í nýju þýðingunni.

Fyrsta bókin um Önnu í Grænuhlíð kom út árið 1908. Sögusviðið eru æskuslóðir höfundar, Prince Edwards-eyja sem er við austurströnd Kanada. „Þetta er sígild sveitarómantík en sögurnar eru alls ekki barnabækur eins og sumir halda. Anna sjálf er bara barn í fyrstu bókinni og síðustu bækurnar segja frá börnunum hennar. Ég les þær að minnsta kosti enn mér til ánægju og veit að bækurnar eiga sér fjölmarga aðdáendur á öllum aldri.“

sigridur@frettabladid.is

## Æsandi draumur með hápunkti

Bækur ★★★☆☆

**Fantasíur**

Hildur Sverrisdóttir

**Forlagið**



Mikið ofsalega og innilega fagna ég aukinni umræðu um jákvæða upplifun af kynlífi og frelsun kynverunnar. Bókin Fantasíur inniheldur 51 fantasíu frá íslenskum konum. Fantasíurnar eru nafnlausar og bæði langar og stuttar; sögur, ljóð og lýsingar. Að mér vitandi hefur slíkt rit ekki verið gefið út hér á landi áður og því ber að fagna þessu.

Sögurnar eru ólíkar og innihalda kynlíf með báðum kynjum og jafnvel verum sem ekki eru af þessum heimi. Ég fagna fjölbreytileika þeirra og klappa fyrir kynsystrum mínum, ég vissi að þið ættuð þetta til. Rauði þráður sagnanna rímar við það sem erlendar rannsóknir hafa komist að um fantasíur kvenna í vestrænum heimi; konur láta sig dreyma um að vera fullnægðar, upplifa kynlíf með öðrum konum, nokkrum aðilum af báðum kynjum og eldheita ástríðu þar sem þær gefa sig á vald þess sem fullnægir.

Fantasíur eiga ekki endilega neitt skylt við raunveruleikann og ekki langar alla að uppfylla fantasíuna sína heldur er hún líkt og æsandi draumur sem hægt er að framkalla að vild. Það er mikilvægt að muna það við lestur þeirra. Í fantasíu ert þú leikstýra í ímynduðum kynferðislegum heimi og gerir nákvæmlega það sem þér sýnist. Flestar enda fantasíurnar í flóðbylgju fullnægingar enda oft talinn hápunktur kynlífs og unaðurinn er ekki flæktur með höfuðverkjum hversdagsins. Sumar sögurnar kitla og aðrar ekki, ætli það fari ekki eftir smekk hvers og eins. Kynlífsatriði sumra sagna þóttu mér of flókin og ég náði ekki að fylgja þeim eftir. Sögurnar eru þó vel skrifaðar, þægilegar til lestrar og uppsetning aðgengileg. Karlmennirnir eru sterklega byggðir, ákveðnir og annaðhvort ókunnugir, ástmenn eða menn í valdastöðu. Konurnar eru mjúkar, fallegar og nautnafullar og snerting sem byrjar sakleysislega leiðir sögupersónuna á óvæntar slóðir. Þá hefði verið gaman að sjá ögn meiri flóru í frásögnum, eins og þar sem konan stjórnar kynlífssenunni eða sögupersónurnar eru aðrar en staðalímyndir kynjanna. Sögusviðið er ýmist ofur rómantískt, framandi eða hversdagslegt. Tilfinningar og þrár endurspeglast í hraða og ákafa ástaratlotanna. Það getur nefnilega falist mikil spennulosun í því að afsala sér stjórnartaumunum. Íslenska konan er sjálfstæð og sterk kynvera og hún getur leyft sér að gefa sig á vald lostans og njóta. Það að lesa um fantasíur annarra er eins og að fá að gægjast í dagbók sem var kyrfilega læst. Þetta er svo forboðið og svo persónulegt að það er ekki annað hægt en að sogast inn í þennan lostafulla heim sem hver og ein frásögn skapar.

Höfundunum þykir vænt um fantasíuna sína og hafa nostrað við hana. Þær sem ekki eru jafn ítarlegar gefa lesandanum færi á að útfæra hana nánar og gera að sinni. Þannig mætti nýta bókina sem leiðarvísi að kynlífi, þar sem í henni má finna ítarlegar lýsingar á kynlífsathöfnum, en hún er einnig kjörin upphitun fyrir ástaratlotin. Þið gætuð jafnvel skipst á að lesa sögur upphátt fyrir hvort annað. Fínt fyrsta skref í að opna umræðu um kynferðisleg málefni og klæmast smá saman.

Sigríður Dögg Arnardóttir

**Niðurstaða:** Þetta rit er lesning fyrir konur og karla, unga sem aldna. Hafðu hana nálægt rúminu því þessar sögur má lesa aftur og aftur.






# PARÍS

eða

# KÖBEN

verð frá

# 9.900 kr.



Bókaðu draumaferðina til Kaupmannahafnar eða Parísar
á einstöku WOW verði á wowair.is, ferðatímabilið er til 16. september.
**Gildir til miðnættis í kvöld.**

WOW air

**WOWAIR.IS** | Höfðatún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wowair@wowair.is



**UNDIRRITUN Í HÖFÐA** Marshall Porter úr Beikonfélaginu í Iowa og Bogi Guðmundsson, formaður Beikonfélagsins, undirrituðu samstarfssamning í Höfða í gær. Á bak við má sjá lukkudýrið Óðin sem er hið íslenska lukkudýr hátíðarinnar, en hann er faðir Blue, sem er lukkudýr hátíðarinnar í Iowa. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

# Fylla bæinn af beikonilmi

**Stjórn Beikonfélagsins í Iowa er stödd hérlendis til að taka þátt í hátíðinni Reykjavík Bacon Festival sem verður haldin á Skólavörðustígnum á morgun.**

„Ég titra, þetta er mjög tilfinningarík stund en við viljum bara sameina heiminn í ást, gleði og beikoni," sagði Marshall Porter við undirritun samstarfssamnings Beikonfélagsins íslenska og þess frá Iowa í Höfða í gær. Marshall þessi er tengiliður félagsins í Iowa við Ísland.

Þetta er í annað skipti sem Reykjavík Bacon Festival er haldin en hún er töluvert stærri í sniðum í ár en fyrra. Brooks Reynolds er formaður og stofnandi Beikonfélagsins í Iowa og segir hann samstarfið við íslenska félagið hafa gengið mjög vel. „Við erum yfir okkur ánægðir með að vera komnir til Íslands en við erum með hátíðina á þremur mismunandi stöðum í Bandaríkjunum. Stærst er hún heima í Iowa og er hún álitin mekka beikonhátíða," segir Brooks en beikonhátíðin í Iowa verður haldin í sjötta skiptið þann 9. febrúar og verður þá tileinkuð Íslandi. „Við vitum að Íslendingar elska beikon og vonumst til að fá íslensk fyrirtæki til að kynna mat, drykk og menningu á hátíðinni," segir Brooks en reiknað er með að um átta þúsund manns mæti á hana. Þeir félagar gera þó meira en að borða beikon og halda hátíðir og vinnur Brooks til að mynda sem framkvæmdastjóri hjá tryggingafélagi. „Ég er í jakkafötum alla daga," segir hann og hlær. Þar að auki lætur félagið gott af sér leiða og hefur gefið yfir 30.000 dollara í góðgerðarfélög á undanförnum fimm árum, eða frá því að það var stofnað. Sjö félagar stjórnarinnar komu til landsins í gærmorgun og komu þeir ekki tómhentir. „Við fluttum inn fimmtíu kíló af fyrsta flokks beikoni frá Iowa en það eru um það bil 1.700 sneiðar," segir Brooks en til þess þurftu þeir sérstakt leyfi frá landbúnaðarráðuneytinu og fleiri stöðum.

